

SIRKUS^{RVK}

24. FEBRÚAR 2006 | 8. VÍKA

**ÁSA OTTESEN
OPNAR DYRNAR**

**RAGNHEIÐUR GUÐFINNA
YFIRHEYRÐ**

**9 FRÁBÆRIR
SKYNDIBITAR**

**GUSSI GÁFADASTI
DYRAVÖRÐUR
ÍSLANDS**

RÓSA

RÓSA GUÐMUNDSDÓTTIR
ER KOMIN HEIM FRÁ
NEW YORK TIL AÐ
HALDA TÓNLEIKA 2.
MARS. SIRKUS RVK
RÆDDI VIÐ RÓSU
UM KYNHNEIGÐINA,
TÓNLISTINA, OG
MISNOTKUN SEM
HÚN VARÐ FYRIR
Í ÆSKU.

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK

ÉG VERÐ ALLAVEGA Í DRESSI

HLÓMSVEITIN SIGN ÆTLAR AÐ HALDA TVENNA TÓNLEIKA Í KVÖLD Á GAUKI Á STÖNG. FYRRI TÓNLEIKARNIR ERU KLUKKAN 17.00 OG ERU FYRIR ALLA ALDURSHÓPA EN ÞEIR SEINNI HEFJAST UPP ÚR MIÐNÆTTI. ÞAR VERÐUR BOÐIÐ UPP Á ALVÖRU ROKK.



Pað er ekki svo langt síðan við sjálfir vorum undir 18 ára og það er svo glatað að fá aldrei að upplifa neitt af því að maður er ekki nógu gamall," segir Ragnar Sólberg, söngvari í hljómsveitinni Sign. Hljómsveitin heldur tvenna tónleika í kvöld á Gauki á Stöng og er ástæðan fyrir þeim fyrri sú að það er sjaldan gert vel við þá sem eru yngri en 18 ára. Sign gleymir ekki aðdáendum sínum sem eru í yngri kantinum og halda tónleika fyrir alla aldurs hópa. Seinni tónleikarnir eru svo fyrir þá sem eru komnir með aldur og vilja ekki missa af dúndurfjöri. „Seinni tónleikarnir hefjast upp úr miðnætti og hljómsveitin Disless spilar með okkur. Við höfum ekki spilað áður saman og ég hef ekki einu sinni heyrt í þessu bandi en mér er sagt að það sé mjög gott. Annars er bara allt gott að fréttu af okkur, við erum soldið búnir að vera að taka upp, ný lög og svona. Við munum spila nokkur þeirra á morgun. Síðan höldum við út til Bretlands núna á sunnudaginn, þar erum við að fara spila á Barfly sem er bar í Camden. Þar spilum við með hljómsveit sem heitir Fastlane, það er nóg að gera. Við ætlum svo líklegast að gefa út plötu í haust en það er svona ennþá í vinnslu. Þetta verður bara rock and röll sjóv í kvöld," segir Ragnar.

Verður þú í rétta dressinu?
„Ég verð allavega í dressi.“

SIRKUS MÆLIR MEÐ



Ekki vera félagsskitur því Vetrarhátíðin er málið og dagskráin ekki af verri kantinum. Hinir árlegu tónleikar Strengjasveitar Listaháskóla Íslands verða haldnir sunnudaginn 26. febrúar kl. 17.00 í Neskirkju. Tónleikarnir eru hluti af Vetrarhátíð í Reykjavík. Stjórnandi Strengjasveitar Listaháskóla Íslands er Gunnar Kvaran. Allir eru velkomnir og það besta er að aðgangur er ókeypis.



Við mælum með hryllingsmarapöni. Því miður eru sumir sem sjá ekki skemmtilegu hliðina við hryllingsmyndir. Þær geta verið svo myndnar og ógeðslegar um leið. Það góða við þennan kokkteil er að fátt nær þessum blöndnu tilfinningum fram í okkur á sama tíma. Þetta verður helst að gera í góðra vina hópi og það á mygluðu sunnudagskvöldi. Tak-ið þrjár til fjórar klassískar og hlæið tryllingslegum hlátri saman.



Við mælum með Þörupiltum sem eru alltaf á Kringlukránni á miðvikudagskvöldum klukkan 22. Þetta er uppistand, dans, söngur, glens og mikið grín. Það sem þið þurfið að gera svona í leiðinni er að panta ykkur ostapítsuna með sultu. Það má segja að þessi blanda sé himnesk og svo séríslensk á sinn fallega hátt.

SIRKUSÁVARPIÐ

KONDÍPARTÍ

Sirkus RVK er stútfullt af efni að þessu sinni. Mikið um að vera og nóg af fólki. Alls konar fólk. Allt frá ofurbombum til djúppenkjandi menningarvita. Allir eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Eins og gott partí. Nú er svo í pottinn búið að Málið sem var í samkeppni við Sirkus hefur verið lagt niður. Það er alltaf miður þegar fækkar í flóru fjölmiðlanna. Málið var alltaf flott í útliti og það klikkaði aldrei á forsíðumyndinni. Eitthvað hefur þó farið úrskeiðis hjá þessu annars ágæta blaði. Ég tippa á að það hafi vantað fleira og fjölbreyttara fólk á síður þess. Ég mun samt sakna Málsins. Samkeppninnar vegna.

Sólmundur Hólm



365

SIRKUS


Auglýsingastjóri: Jóhannes Már Sigurðarson
Kynningarstjóri: Guðmundur Arnar Guðmundsson
Sölustjóri: Einar Björgvin Davíðsson, sirkusauglýsingar@365.is
Ritstjóri: Sólmundur Hólm
Ritstjórn: Hjörvar Hafliðason og Sigríður Ella Jónsdóttir.
Áskrift: 550 5000 / askrift@365.is
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja



Forsíðumyndina tók Valli af Rósu Guðmundsdóttur

EFNI

- 4 – Ragnheiður Guðfinna vildi sofa hjá Adam
- 6-7 – Samlokudansinn bestur!
- 8-9 – Rússbanaferð Rósu
- 10 – Sérsvéitin í dansi
- 12 – Ása Ottesen opnar dyrnar
- 14 – Úrslit í spurningakeppni dyravarðanna
- 16 – 9 bestu skyndibitararnir undir þúsundkalli
- 18 – Baltasar Breki í fótspör föður síns
- 26-28 – Allt sem þú vilt vita um menningar- og skemmtanalífið í Reykjavík
- 31 – Katrín Ella er falleg söngkona



Við erum klár



fyrir þig/ykkur



Margir frábærir réttir á matseðlinum hjá okkur

...við bjóðum upp á frábæra aðstöðu til að halda afmæli, einka-, starfsmanna- og steggjapartý eða hvað sem þér dettur í hug...

keila pool
leiktæki
diskókeila
karokee
golfhermir
beinar útsendingar
hádegismatur
kvöldmatur

gæsaþartý
einkasamkvæmi
barnaafmæli
fyrirtækjapartý
steggjapartý
skólahópar



RAGNHEIÐUR GUÐFINNA GUÐNADÓTTIR STJÓRNAR ÍSLANDI Í BÍTIÐ Á NFS OG STÖÐ 2 ÁSAMT HEIMI KARLSSYNI. SIRKUS RVK NÁÐI Í SKOTTIÐ Á ÞESSARI 25 ÁRA EYJAPÆJU OG YFIRHEYRÐI HANA.

YFIRHEYRSLAN

MYNDI HELST VILJA SOFA HJÁ ADAM

HVOR HELDUÐU AÐ MYNDI VINNA Í LEÐJUGLÍMU, INGI-BJÖRG SÓLRÚN EÐA DAVÍÐ ODDSSON (SPURT AF SIG-URJÓNI BRINK)?

Ingibjörg Sólrún auðvit- að. Við stelpurnar erum svo rosalega öflugar.



LÍNA LANGSOKKUR EÐA EMIL Í KATTHOLTI?

Emil í Kattholti. Hann minnr mig svo á bróður minn.



RASS EÐA MAGI?

Ætli það sé ekki maginn. Það er mín sterkari hlið í það minnsta.

EF ÞÚ MÆTTIR VELJA ÞÉR EINN MANN Í MANN- KYNSSÖGUNNI TIL AÐ SOFA HJÁ, HVER YRÐI ÞAÐ?

Adam. Maðurinn sem skapaði þetta allt sam- an.

LESTU FYRIR MIG SÍÐASTA SMS-IÐ SEM ÞÚ FÉKKST OG FRÁ HVERJUM ER ÞAÐ?

Frá Dóddó sem er prúdu- sentinn okkar í þættin- um (Ísland í bítið). Hún var að láta mig vita að ég hefði gleymt köku sem ég fékk í vinnunni.



BÝRÐU YFIR EINHVERJUM SÉRSTÖKUM HÆFILEIK- UM?

Ég held ég sé mjög góður mannþekjari.

EF ÞÚ MÆTTIR VELJA ÞÉR TENGDAÖMMU, HVER YRÐI FYRIR VALINU?

Ég sjálf. Held að það væri frábært að eiga mig sem tengdamömmu. Vonandi mun ein- hvern tímann reyna á það.

UPPÁHALDS RAUÐHAUS- INN PINN?

Verð ég ekki segja Ás- geir Kolbeins?



EF ÞÚ VÆRIR STRÁKUR, HVADA NYLON-GELLU MYNDIRÐU VILJA VERA MEÐ?

Öllum að sjálfsgöðu.

UPPÁHALDS EUROVISION-LAG- IÐ PITT?

Lagið hans Páls Óskar, Minn hinsti dans. Það er langbesta Eurovision-lagið.

HVAR VARSTU ÞEGAR DÍANA PRINSESSA DÓ?

Ég var í London.



FÆRI ÞAÐ Í TAUGARNAR Á ÞÉR EF VINKONA ÞÍN ÆTTI SÆTARI KÆRSTA EN ÞÚ?

Nei, það færi ekkert í taugarnar á mér.

EF ÞÚ SÆIR BIRGITTU HAUKDAL VERA AÐ SLUMMA SIGURÐ Þ. RAGNARSSON VEÐUR- FRÉTTAMANN NIÐRI Í BÆ, MYNDIRÐU ÞÁ HRINGJA Í HÉR OG NÚ OG SEGJA ÞEIM FRÁ OG FÁ SMÁ AUKAPENING?

Nei, ég myndi alveg láta þau vera. Það myndi eflaust einhver annar sjá um að hringja.



HVADA FRÆGU BÖGGARÐU ALLTAF Á DJAMMINU?

Ég er enginn böggari.

BÚÐU TIL SPURNINGU FYRIR NÆSTA VIÐ- MÆLANDA!

Sefurðu nak- inn?



SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



Múgæsingu. Þegar þjóðin tekur sig saman getur hún verið heimskasta þjóð í heimi. Dæmin eru ótalmörg um það þegar Íslend- ingar fara offari í ýmsum málum. Nú síðast snérist þjóðin gegn Skerjafjarðarskáldinu Kristjáni Hreinssyni þegar maðurinn var ein- ungis að reyna að benda á það reglur hefðu verið brotnar í undankeppni Eurovision.



Kókaíni. Þetta hljómar alveg hrikalega barna- lega að vera að mæla á móti kókaíni því það liggur í augum uppi að það er óhollt. Þó virð- ist sem ekki allir átti sig á skaðsemi þessa eit- urefnis. Inni á hverjum skemmistað sérdú fólk með lafandi tungu og glær augu dansa í eigin heimi. Djammkuntur og delar sem lifa í núinu – í orðsins fyllstu merkingu. Leiðindaþróun í annars ágætissamfélagi.



Johnny Cash-æðinu. Hægan, hægan. Ekki mis- skilja þessi andmæli. Johnny Cash var frábær tónlistarmaður og tónlist hans stenst tímans tönn. Í kjölfar myndarinnar Walk the Line eru hins vegar allskonar hálfvitar farnir að hlusta á og spila Johnny Cash og láta sem þeir séu stærstu Cash-aðdáendur í heimi. Það verður gaman að sjá hvernig þetta verður þegar mynd um ævi Geirs Ólafs verður gerð.

SONUR MINN OG CELINE DION

„Óff, það fyrsta sem mér detur í hug er litli strákurinn minn,“ segir Guðrún Árný Karlsdóttir söngkona, sem heillaði lands- menn upp úr skónum á föstudaginn síðasta þegar hún söng lagið Andvaka í undankeppni Eurovision. „Hann fæddist þremur mánuðum fyrir tímann og barðist í gegnum þetta eins og sönn hetja,“ segir Guðrún Árný um litla prinsinn sinn. „En ef ég á að nefna einhverja söngkonu er það Celine Dion,“ segir Guðrún en þess má geta að hún sigraði Söngkeppni framhaldsskólanna með Celine Dion-smelli á sínum tíma. „Allavega þegar ég var unglingur hélt ég mjög mikið upp á hana og hún mótaði rosalega það hvernig ég syng í dag. Leit sérstaklega upp til hennar vegna þess hve hún gat sungið hátt, fer upp á háa tóna og hefur ekkert fyrir því,“ segir Guð- rún Árný sem sjálf virðist ekki eiga erfitt með að senda rödd sína í hæstu hæðir.



CELINE DION HEFUR RADDVIÐ SEM ALLAR KONUR DREYMR UM.



HETJAN MÍN

GUÐRÚN ÁRNÝ LÍTUR MIKIÐ UPP TIL CELINE DION.



HARÐUR NAGLI Á HRAÐFERÐ?

ÓLAFUR F. NÚMASON / MYNDAK.


UMFERÐARSTOFA

HÆGÐU Á ÞÉR



HARPA, MARGRÉT OG KRISTÍN



KRISTÍN OG HEIÐA



STELPURNAR Í STUÐI

STELPURNAR KOMA HRESSAR OG KÁTAR INN Á ÓLIVER, ÞÆR ERU ÁTTA EN SAMT VANTAR TVÆR SÍSÍ OG BERTU. ÞETTA ER EITRAÐUR HÓPUR SEM HELDUR UPPI HEIMASÍÐU SEM ALL-IR ÁHUGASAMIR GETA KÍKT Á: BLOG.CENTRAL.IS/JUS. ÞÆR ERU ALLAR Í HÁSKÓLA REYKJAVÍKUR Í LÖGFRÆÐI, GLÆSILEGUR HÓPUR Í ÞAÐ MINNSTA OG TILBÚNAR Í SPJALL DAUÐANS.

HARPA 21 ÁRS NEMI Í LÖGFRÆÐI Í HR-Á FÖSTU Í 1 ÁR OG 9 DAGA

MARGRÉT 21 ÁRS NEMI Í LÖGFRÆÐI Í HR-Á LAUSU

HEIÐA 22 ÁRA NEMI Í LÖGFRÆÐI Í HR-Á FÖSTU

KRISTÍN 21 ÁRS NEMI Í LÖGFRÆÐI Í HR-Á FÖSTU Í 1 ÁR OG 9 DAGA

SAMLOKUDAN

STELPURNAR Í SÓFANUM

Þá er best að vinda sér í fyrstu spurninguna eins og ekkert sé sjálfsgaðara.

Stelpur og klámmyndir?

Heiða: Þær eru mjög lærdómsríkar.

Stelpurnar skella upp úr.

Margrét: Eitthvað sem þú vilt segja okkur.

Heiða: Sumar allavega, þær kenna okkur inn á þetta, til dæmis fyrir stelpur sem kunna ekkert.

Hrafnhildur: Já, en þær geta kannski gefið manni hugmyndir.

Þórunn: Já, þær geta gefið hugmyndir bæði fyrir stráka og stelpur.

Kristín: En það lélega við klámmyndir er að sumir strákar fá ranghugmyndir og halda að stelpur geti „shaggað“ og fengið það á sama tíma.

Harpa: Já, nei þetta er kannski ekki alveg eins og maður gerir þetta, þú ert að missa af stórum þátt af leyndardómum okkar.

Heiða: Ég held að það séu mjög fáar stelpur sem fara útfí búið og kaupir sér klámmynd.

Margrét: Þetta er bara kannski aðallega ef kærastinn á eða eitthvað þannig.

Harpa: Greinilega einhverjir hafa keypt sér.

Öllum er starsýnt á Þórunni.

500 KRÓNA AFSLÁTTUR AF KLÁMI

Þórunn: Nei, þetta var þannig að okkur vinkonunum langaði að sjá Paris Hilton myndbandið og fórum út í videoleigu og ætluðum að leigja hana en okkur var sagt að það væri ekki að leigja klámspólur svo að við keyptum hana með 500 króna afslætti. Við vorum reyndar í glasi og horfðum á byrjuna eða eitthvað en þetta var bara eitthvað svo ógeðslegt. Leið eins og kvensjúkdómalekni.

Ög allar stelpurnar skella upp úr.

Þórunn: Þetta er bara svo gróft og ekkert tekið tillit til stelpananna, bara hugsað um að gaurinn fái fullnægingu.

Hrafnhildur: Lætur fólk bara halda að stelpur sé bara „one time“ í þessu eins og öðru, um leið og hann fær það þá fær hún það líka.

Guðrún: Líka útlitið í þessum myndum, hvernig stelpurnar líta út er náttúrulega ekki eðlilegt.

Heiða: Þær eru flestar búnar að sprautu sig fullar af sílioni og ekki bara í varimar og brjóstin.

SAMLOKUDANSINN.

En hvað með í bæði götin?

Heiða: Nei, held það sé ekki málið.

Kristín: Það eru bara einhverjar „ló klass“ gellur sem fíla það.

Hrafnhildur: Að vísu er þetta algengara hjá yngri stelpum sem halda að þetta sé eitthvað venjulegt.

Heiða: Kannski til að komast inn í flott party hjá eldri krökkum og falla inn í hópinn.

Salvör: Þetta eru bara ungar og óreyndar stelpur, sem vita ekki betur.

Harpa: Maður hefur heyrt um að það séu tilfelli þar sem stúlkur koma upp á bráðavakt og eru bara búnar að eyðileggja sig að innan, orðnar ófrjóar og eitthvað.

Heiða: Maður hefur nú alveg heyrt á djamminu, eitthvað kommitt já viltu ekki koma í „three some“ eða eitthvað skemmtilegt og ég meina samlokudans er nú alveg í lagi.

Salvör: Þannig samlokur eru fyrir okkur.

AFLITA Á SÉR ENDAPARMINN.

Hvað með rassahár?

Harpa: Helst ekki of loðnir

Kristín: Snyrta sig að neðan er algjört möst en að raka sig á milli rassakinnanna, ég kafa allavega ekki svo

djúpt. Aðalmálið er að vera snyrtilegur, annað skiptir ekki máli.

Hrafnhildur: Ég las nú um eitthvað æði í Bandaríkjunum núna, um það að aflita endaparminn á sér.

Harpa: Mér finnst bara að þeir eigi að vera herramenn.

Kristín: Það vantar sko alveg í íslenska karlmenn.

Heiða: Svo er allt í lagi að þeir hafi útlitið með sér.

Hrafnhildur: Það er ekkert verra.

Heiða: Og líkamann.

Hópurinn hlær og slær ekki hendinni á móti kostum sem þessum.

STRÁKAR SEM VITA EKKI NEITT

Hrafnhildur: Þetta er samt svo persónulegt, en það að hafa góðan persónuleika, vera sjarmör, það þarf ég fyrir mitt litla hjarta.

Heiða: Ég meina ef maður er á djamminu og þessi sæti er frekar leiðinlegur og dónalegur en hinn ekkert svo sætur en klár og skemmtilegur þá náttúrulega velur maður hann.

Kristín: Fólk verður bara svo fallett þegar maður er búin að kynna því og persónuleikinn heillar mann.

Þórunn: Maður nennir heldur ekkert að vera með strák sem veit ekki neitt, sem ekkert er hægt að tala við.

Kristín: Það er líka kannski þannig að þær sem velja gaurinn af því hann er svo flottur, sætur og kroppur sé meira bara fyrir svona „one night stand“, þá velja stelpur kannski það.

Salvör: Ég meina hvað er líka spennandi við þetta, fara með einhverjum, hittast á djamminu og báðir alveg blindfullir. Vakna svo daginn eftir og bara eitthvað já, heyrðu bless ég er farin.

Harpa: Kynlífið er líka bara miklu betra með þeim sem maður þekkir.



STELPURNAR AÐ SKÁLA



HRAFNHILDUR OG ÞÓRUNN



STELPURNAR HUGSI

SALVÖR 21 ÁRS NEMI Í LÖGFRÆÐI Í HR-Á FÖSTU Í 6 ÁR

GUÐRÚN 23 ÁRA NEMI Í LÖGFRÆÐI Í HR-Á FÖSTU Í 1 1/2 ÁR

HRAFNHILDUR 21 ÁRS NEMI Í LÖGFRÆÐI Í HR-Á FÖSTU Í HÁLFT ÁR

ÞÓRUNN 21 ÁRS NEMI Í LÖGFRÆÐI Í HR-Á LAUSU



SINN BESTUR

STRÁKAR SVO BARNALEGIR.

Hvað með kynþokkafyllsta mann Íslands, Garðar Þór Cortes?

Heiða: Hann er ógeðslega sætur.

Þórunn: Hann er æðislegur.

Guðrún: Hann er ekki fyrir mig, en hann er góð fyrirmynd.

Harpa: Hann er myndarlegur.

Þórunn: Já og hann er með metnað.

Salvör: Og er að gera eitthvað af viti.

Kristín: Hann er svo sjálfsöruggur.

Hrafnhildur: Ég mundi segja þabbi hans, hann er kynþokkafyllri en Garðar.

Stelpurnar skella upp úr og fara að pæla hvort Salvör sé meira fyrir þessa eldri.

Kristín: Hann hugsar allavega um heilsuna, sá hann sko í Maður Lifandi um daginn með fulla körfu af einhverju vöðalega hollu.

Þórunn: Það er svo sexý þegar strákar eru með einhverja hæfileika. Gaurar eru svo oft í dag eitthvað svo metnaðarlausir.

Salvör: Mennta sig ekki og gera ekki neitt.

ÞAÐ ÞARF BARA AÐ TEMJA ÞÁ.

Pæla ekki í hverju þeir eru

Þórunn: Eru kannski í sama dressinu í 10 daga.

Kristín: Já og oft heyrir maður já nei mamma keypti þetta á mig, strákar „kommon“.

Salvör: Mamman búin að passa þá of mikið.

Þórunn: Meiri harka í stelpunum.

Margrét: Mig langar að hann kunni á þvottavélina.

Heiða: Maður bara kennir þeim.

Guðrún: Já það er nauðsynlegt að temja þá aðeins.

Harpa: Það er alveg mikilvægt að þeir fotti að þetta á

að skiptast jafnt, þannig á nútímamaðurinn að vera.

GAURAR SEM NOTA PÚÐUR

Eru Íslensku strákarnir fullkomnir?

Harpa: Neinei, langt í frá.

Heiða: Þeir eru betri en margir aðrir.

Kristín: Eins og í London eru þeir miklu meiri herra-menn, opna fyrir manni hurðirnar, standa upp fyrir manni í lestunum og bjóða manni út að borða. Ekkert strax að reyna að kyssa mann eða eitthvað, neinei langaði bara að fara með manni í göngutúr og eitthvað.

Salvör: Þeir eru svo oft uppteknir af sjálfum sér og það er bara ég, ég, ég.

Guðrún: Vera kurteisari.

Heiða: Íslenskir strákar þurfa að tileinka sér herra-mennsku, mætti alveg vera millivegur.

Harpa: Ítalar eru kannski of væmnir og Íslenskir alveg í hina áttina.

Kristín: Já, bara hittast á djamminu og svo bara sína manni að þeim langar að kynnst manni edrú.

Hvað með fulla Íslenska karlmenn?

Kristín: Fullir Íslenskir karlmenn... humm þeir eru jafn mismunandi og fullt Íslenskt kvenfólk.

Margrét: Soldið að reyna að hella stelpurnar fullar, ef maður er að drekka vatn þá er það eitthvað svona úff ætla ekki að tala við edrú gellu.

Harpa: Þeir hugsa kannski að það sé auðveldara að fá stelpuna heim með sér ef hún er full.

Þórunn: Það er líka óaðlaðandi þegar maður hittir gaur á djamminu og hann er með sundlaug í augunum.

Stelpurnar skella upp úr.

Heiða: Glansandi appelsínugulir gaurar eru algjört „turn off“.

Kristín: Gaurar sem nota púður og gloss eru nátturu-lega ekki alveg með þetta.

Harpa: Og plokkaðar augnabrunir og litaðar.

Guðrún: Ef þeir eru lengur en við að taka sig til, þá eru þeir off.

Þórunn: Já! Ég þoli ekki þegar þeir eru farnir að keppa við mig.

RAUÐSOKKUR FÁ EKKERT AÐ RÍÐA

Salvör: Oft svona þegar gaurar vita hvað maður er að gera, þá ókei.

Þórunn: Soldið svona bakkað.

Heiða: Oft líka þegar maður segir hvað maður er að gera, þá eru þeir búnir að ákveða að maður líti niður á þá, af því þeir eru ekki að mennta sig

Salvör: Konur eru að verða tekjuhæri .

Harpa: Fleiri að mennta sig.

Kristín: Konur eru bara gáfaðri kynstofninn.

Salvör: Betri helmingurinn.


Þórunn: Það er líka svo mikil pressa á kvenþjóðina að standa sig. Það er ekki engin pressa á strákana einhvern veginn.

Salvör: Mér finnst þetta rauðsokku dæmi allt of miklir öfgar

Kristín: Eins og skapahárin, það má ekki snerta þau út af einhverju en ég held að stelpur séu að raka þetta af því það er þægilegra, ekki fyrir karlana.

Heiða: Þær eru líka oft svo ljótar og ósáttar af því þær fá ekkert að ríða.

Þrátt fyrir miklar og áhugaverðar umræður hjá okkur stelpunum hafa margar spurningar vaknað um stráka og þeirra hugarheima. Ég skil þær eftir í miklu fjöri og sé að kvöldið er ungt og gleðin rétt að hefjast. Þessi hópur er föngulegur með meiru, strákar gangi ykkur vel! SEJ



RÓSA GUÐMUNSDÓTTIR EÐA RÓSA SPOTLIGHT EINS OG HÚN VAR KÖLLUÐ HEFUR VERIÐ Í SJÁLFSKIPADRI ÚTLEGÐ FRÁ ÍSLANDI Í NOKKUR ÁR. RÓSA ER KOMIN HEIM FRÁ NEW YORK TIL AÐ HALDA TÓNLEIKA HÉR Á LANDI Í ÞJÓÐLEIKHÚSKJALLARANUM ÞANN 2. MARS. SIRKUS RVK RÆDDI VIÐ RÓSU, SEM ÞRÁTT FYRIR ÓTRÚLEGA LANGA FERILSKRÁ ER AÐEINS 26 ÁRA, UM ÁRIN Í EYJUM, NEW YORK-ÆVINTÝRIÐ, ÁSTINA OG LÍFIÐ SJÁLFT.

RÚSSÍBANAFERÐ RÓSU

É gætla að gera gott úr dvöl minni hér á landi og halda tónleika og skemmta mér,“ segir Rósa Guðmundsdóttir tónlistarkona sem stödd er hér á landi á meðan hún bíður eftir að fá atvinnuleyfi í Bandaríkjunum. Rósa hefur á undanförmum árum verið búsett í New York þar sem hún hefur unnið að tónlistarferli sínum. Hún er fædd og uppalin í Vestmannaeyjum. Móðir hennar var fyrsta taflenska konan sem flutti hingað til lands en faðir hennar er Guðmundur H. Guðjónsson organisti og skólastjóri Tónlistarskóla Vestmannaeyja.

„Ég er með umboðssamning og umboðsmann í New York sem sér um mín mál á meðan ég er að reyna að koma mér fyrir og stefnir hann á að útvega mér plötusamning. Mér líður mjög vel í New York og vonandi að atvinnuleyfi fáið sem fyrst svo ég fái inngöngu í Bandaríkin aftur, en ég dvaldi óafvitandi yfir leyfilegan tíma í fyrra,“ segir Eyjastúlkan sem hefur verið með annan fótinn í Stóra eplinu frá því hún fór þangað fyrst árið 1998.

„Í New York stofnaði ég hljómsveit ásamt strengjasveit sem eingöngu er skipuð stelpum og við höfum verið að koma fram, m.a. á Joe's Pub nú síðastliðið haust. Það þykir töff að vera frá Íslandi í New York. Vissulega kemur það fólki á óvart að ég sé frá Íslandi. Kannski ekkert rosalega íslensk í útliti en rammíslensk að öðru leyti,“ segir Rósa sem elskar Ísland og staðráðin í að setjast aftur hér að í framtíðinni.

„ÞAÐ ÞYKIR TÖFF AÐ VERA FRÁ ÍSLANDI Í NEW YORK. VISSULEGA KEMUR ÞAÐ FÓLKI Á ÓVART AÐ ÉG SÉ FRÁ ÍSLANDI. KANNSKI EKKERT ROSALEGA ÍSLENSK Í ÚTLITI EN RAMMÍSLENSK AÐ ÖÐRU LEYTI.“

TÓNLEIKAR 2. MARS

Fimmtudaginn 2. mars ætla Rósa að halda sína jómfúrtonleika hér á landi ásamt hljómsveit. „Ég kom hingað heim yfir jól og áramót. Síðan fór ég aftur utan en þurfti að snúa heim til að útvega atvinnuleyfi, þannig að mér finnst sniðugt að gera bara gott úr því og halda tónleika,“ segir Rósa sem syngur og semur eigið efni á gítar og píanó. „Aðgangseyririnn inn á tónleikana byggist á frjálsum framlögum, þannig að fólk ræður alveg hvað það borgar inn og því hefur enginn afsökun fyrir því að mæta ekki,“ segir Eyjastelpan hlægjandi.

„Þessa dagana er ég að undirbúa og æfa fyrir tónleikana mína herna heima. Eins og áður sagði stofnaði ég stelpuband í New York en í þetta skiptið langar mig gefa strákunum tækifæri héraendis. Bakraddasöngkonan mín og systir mín ætla að fljúga sérstaklega frá New York og London til að koma fram með mér.“

Hvernig tónlist er það sem þú flytur? „Þetta er blanda af poppi, rokki, soul og R&B. Hún er mjög fjölbreytt. Á fræðimáli mætti hún kallast adult contemporary-tónlist. En mér finnst hún fyrst og fremst skemmtileg.“

GIRL POWER

Rósa er einkar stolt af kynsysturum sínum hér á landi og hrífst af orkunni. „Ég elska þann kraft og grósku og sköpunargleði sem er í íslensku tónlistarfólki og listafólki yfirleitt. Það eru fjölmargir að gera frábæra hluti eins og Mr. Silla, Úlpa og fullt af öðrum. Svo eru þær svo sætar í Nylon og ekki má gleyma Silvíu Nótt,“ segir Rósa og hlær.

„Það er einhver girl power-stemning hér á Íslandi,“ segir Rósa og það leynir sér ekki að hún er ánægð með stöðu mála. „Ég hvet þær til að vera ófemnar við að koma fram.“

EINELTI, BÚLÍMÍA, ANOREXÍA...

Einkalíf Rósu hefur alla tíð verið mikið á

milli tannanna á fólki og hún sjálf verið ófemnin að ræða þá hluti.

„Eins og áður sagði ólst ég upp í Vestmannaeyjum. Ég lenti í einelti af því ég var öðruvísi og þróaði með mér búlimíu og anorexíu. Svo var ég líka misnotuð kynferðislega þegar ég var mjög ung, en ég vil taka það skýrt fram að það var enginn úr minni fjölskyldu. Ég man mjög vel eftir þessari lífsreynslu. Ég byrjaði hins vegar ekki að vinna mig út úr henni fyrr en seint og síðar meir. Mig langar mikið til að nota tækifærið og miðla til allra þeirra sem lent hafa í kynferðisofbeldi eða misnotkun að fara niður í Stígamót og vinna úr því sem fyrst! Það hefur breytt mínu lífi.“

BYRJAÐI AÐ REYKJA OG DREKKA 13 ÁRA

Rósa lifir heilbrigðu, vímulausu lífi í dag, en það var ekki alltaf raunin. „Ég byrjaði að reykja og drekka 13 ára og prófaði fyrst eiturlyf 18 ára gömul. Þau urðu síðan viðloðandi allt mitt líf og kenni ég þeim um að ég fór yfir um og þurfti að vera lögð inn á geðdeild snemma árs 2000 þar sem ég var greind með geðhvarfasýki. Ég neitaði hins vegar að taka lyfin mín og reykti gras í staðinn sem var ekki góð hugmynd! Sama ár stofnaði ég fyrstu umboðsskrifstofu sinnar tegundar, er nefndist The Icelandic Connection, ásamt bandarískum fjárfesti. Sama ár gerði ég þætti fyrir Skjá einn undir eigin nafni.“

„Ég var undir miklu álagi. Árið eftir var ég að skipuleggja tónleika sem áttu að fara fram á Broadway undir yfirskriftinni *Sýnum lit gegn kynþáttahatri*, sem Reykjavíkurborg tók síðar upp á sína arma. Ég lagði mikið undir fyrir þessa tónleika og hafði lagt á mig óhemjumikla vinnu. Ég var búin að bóka Jungle Brothers til að koma frá Bandaríkjunum, Stuðmenn, Rottweiler-hundana og allt það heitasta sem var í gangi. Svo þegar það fór að stytast í tónleikana voru gerðar hryðjuverkaárásir á Bandaríkin þann 11. september eins og allir muna eftir. Jungle Brothers neituðu að stíga fæti í flugvél og afboðuðu sig. Mér fannst allt vera að hrynja og það endaði með að ég fékk taugaáfall og var látin aftur inn á geðdeild,“ segir Rósa sem ótrúlegt en satt er aðeins 26 ára.

„Eftir þetta ákvað ég að vera góð stelpa, taka lyfin og snúa mér að tónlistinni. Ég byrjaði að semja og enda með því að fara til Jamaíku og London í tónlistarupptökur þar sem ég reykti mikið gras og ég veit ekki hvað og hvað.“

HEILBRIGT LÍFERNI

„Botninum var síðan náð þegar ég lagði mig sjálfa inn á geðdeild í miklu þunglyndi seinni part ársins 2002. Eftir það ákvað ég að taka ábyrgð á sjálfri mér og hætta í öllu rugli. Ég hélt áfram að taka lyfin mín og hef sagt skilið við gamla lífsstílinn fyrir fullt og allt. Í dag er ég vímulaus og lyfjalaus. Ég stunda íþróttir og jóga, borða ekki kjöt, fisk, mjólkurvörur, egg eða hunang af því mér finnst rangt að borða dýr og hvað þá þeirra afurðir nema nauðsyn sé af því að ég er mannvera. Sem afleiðing losnaði ég við þrálátt dýra- og frjókornaofnæmi sem hafði hrjád mig í meira en áratug. Ég hvet alla til þess að prófa þennan lífsstíl. Mér hefur aldrei liðið betur eða verið eins hamingjusöm.“


ÁSTFANGIN

Það er ekki hægt að sleppa Rósu án þess að ræða við hana um tilhugalífið. „Ég á kærustu um þessa mundir. Hún heitir Danielle og er bandarísk viðskiptakona. Við kynntumst úti í New York á Gay Pride í fyrra.“

Þannig að þú ert samkynhneigð? „Samkvæmt skilgreiningunni telst ég samkynhneigð en ég hef áður sagt að samkynhneigð snýst ekki um kynlíf heldur það sem hugur og hjarta kys. Á tímabili kenndi ég misnotkuninni um samkynhneigð mína sem er náttúrulega alger vitleysa, en sjálfsmynd mín brenglaðist mjög. Ég hef alveg verið með karlmönnum og á mjög auðvelt með að elska þá, en hef hingað til ekki orðið ástfangin af þeim.“

Að lokum vill Rósa hvetja alla til að mæta tónleika sína í Þjóðleikhúskjallaranum þann 2. mars næstkomandi.

Hjörvar Hafliðason



„ÉG HEF ALVEG VERIÐ MEÐ KARLMÖNNUM OG Á MJÖG AUÐVELT MEÐ AÐ ELSKA ÞÁ, EN HEF HINGAÐ TIL EKKI ORÐIÐ ÁSTFANGIN AF ÞEIM.“

9



ALLUR HÓPURINN Í STUÐI.

ÚTLAGINN



ÍSLENDINGUR ÚTI Í HEIMI

INGUNN ERLA ER FYRIRSETA.

HVAÐ HEITIRÐU?

Ingunn Erla Eiríksdóttir

HVAR ERTU?

Ameríku, New York.

AF HVERJU?

Ég er að vinna við fyrirsætustörf og svo er ég að læra leiklist.

HEIMILISAÐSTÆÐUR?

Er að leigja íbúð með vini mínum.

DAGUR Í LÍFI ÞÍNU?

Eina rútínan mín er morgunkaffi á Amys bread. Annars eru dagarnir mínir allir ólíkir.

KOSTIR ÞESS AÐ BÚA Í NEW YORK?

Enginn dagur eins.

ÓKOSTIR ÞESS AÐ BÚA Í NEW YORK?

Enginn dagur eins.

HVERS SAKNARÐU AÐ HEIMAN?

Borða humar með vinkonum mínum.

UPPÁHALDS STAÐUR Í NEW YORK?

Elska kaffi Gitanni í Soho og East village.

ÍSLENDINGAR ERU ...

bestir

BANDARÍKJAMENN ERU...

breiðir

EIN MANNESKJA SEM ÞÚ BIÐUR

AÐ HEILSA:

Bið að heilsa Heklu systir.



INGUNN ÁSAMT KATRÍNU ÖLDU VINKONU SINNI MEÐ BORGINA Í BAKSÝN.

SEJ ALLA DAGA

HITT HÚSIÐ ER ÁVALLT MEÐ FULLT Á SINNI KÖNNU, DAGSKRÁIN ER MEÐ GLÆSIBRAG OG FÉLAGSLÍFIÐ Í BLÓMA. AÐ ÞESSU SINNI ER ÞAÐ DANSKLÚBBURINN SEM TILHEÝRIR SÉR-SVEITINI SEM VEKUR ÁHUGA OKKAR. DANSHÓPURINN ER Á FULLU AÐ UNDIRBÚA SIG FYRIR ATRIÐI SEM VERÐUR HALDIÐ Á SÝNINGUNNI LIST ÁN LANDAMÆRA.

Þegar okkur ber að garði er verið að æfa sömbutaktana og má heyra draumkennða tóna leika um salinn. Hópurinn verður ekki fyrir truflun aðkomumannanna, en heldur ótrauður áfram, dansinn er hér í brennidepli.

SÉR-SVEITIN.

Þegar flestir eru að drífa sig heim eftir vinnu hittist eitruharður hópur niðri í Hinu Húsinu á þriðjudögum til að taka nokkur spor. Hópurinn tilheyrir Sér-sveitinni og er nú að æfa atriði sem verður sýnt í Borgarleikhúsinu og kallast List án Landamæra. Ekki vantar tilhlökkunina í hópin sem æfir af kappi fyrir sýninguna.

KVENNMANNSSLEYSI.

Atriðin eru ekki af verri endanum og fjölbreytt að vanda. Það verður danssýning, leiksýning og mjög skemmtileg söngatriði þannig að flestir ættu að finna eitthvað að sínu skapi. Dansklúbburinn er með ýmislegt á sinni könnu og er til að mynda að fara í Iðnó að læra tangó næsta þriðjudag. Eitt sem ber þó á góma er kvennmannsleysi í klúbbnum og hópurinn vill hér með auglýsa eftir konum í dansklúbbinn. Gaurinn segist vera kominn með nóg; „Við viljum fá fullan vörubíl af stelpum og það er bara hægt að bakka bílnum til okkar. Það er ekkert gaman að dansa við stráka,“ segir Gaurinn sem augsjáanlega er ekki sáttur við af hafa bara eina konu í klúbbnum.

Í SVEIFLU OG GÓÐUM FÍLING.

Hópurinn tekur fyrir okkur sporið og nokkrir dansa, að þessu sinni er það hvorki Bjöggi (Bó) sem hljómar né Raggi Bjarna eins og vaninn er víst, heldur er það Grease, Macarena og diskótónlist sem fær að njóta sín. Hópurinn fékk til sín danskennara til að sýna sér nokkur góð spor sem þau gætu jafnvel nýtt sér í sýningunni. Þannig kveður hópurinn mig eftir skemmtilegt spjall, í sveiflu og góðum fíling.

SEJ



JÓN ÚLFAR.



HARALDUR OG GÚSTAF.



STÍNA, JÓN ÚLFAR OG HARALDUR.



STEINI TÖFF



SÉR-SVEITIN Í DANSI.



MEÐ ALLT Á HREINU.

EGILL GILLZENEGGER MEÐ BIBLÍU FALLEGA FÓLKSINS.

BIBLÍAN Í BÚÐIR Í DAG

GILLZENEGGER HEFUR SENT FRÁ SÉR SÍNA FYRSTU BÓK.

„Nú er þessi snilld komin á prent,“ segir Egill Gillzenegger um bókina Biblía fallega fólksins sem kemur í búðir í dag. Tilgangurinn með útgáfu bókarinnar er sá að kenna þeim sem hafa skitið upp á bak að skeina sig svo sómi sé að. Egill segist fagna því að bókinn er komin út og er strax farinn að huga að dreifingarmöguleikum. „Hún verður náttúrulega seld í

bókabúðum og Hagkaup til að byrja með og svo mun ég færa út kvíarnar í dreifingunni. Ég hef verið í viðræðum við Gideon félagið um að fá að dreifa bókinni samhliða dreifingu þeirra á nýja testamentinu til grunnskólanema,“ segir Egill kokhraustur. Nú ættu allir Íslendingar að streyma út í verslanir og tryggja sér eintak af þessari snilld.





Fæst án
lyfseðils

Við vöðva- og liðverkjum



Voltaren Emulgel[®]

Díklófenak tvíetýlamín 11,6 mg/g

HVERNIG?

SIRKUS RVK KÍKIR Í HEIMSÓKN

TÝPA Á HEIMA HÉR

SIRKUS RVK HELDUR ÁFRAM AÐ RYÐJAST INN Á FÓLK OG TAKA MYNDIR AF HÍBÝLUM ÞESS. AÐ ÞESSU SINNI ER ÞAÐ ÁSA OTTESEN SEM OPNAR FYRIR OKKUR DYRNAR EN HÚN BÝR Í HÁLFGERÐRI KOMMÚNU ÁSAMT ÞREMUR VINUM SÍNUM. ÞAÐ VAR SVO LEIKLISTARNEMINN LILJA NÓTT SEM SKOÐAÐI MYNDIR AF ÍBÚÐINI OG REYNDI AÐ ÁTTA SIG Á ÞVÍ HVERNIG TÝPA, EÐA TÝPUR, ÆTTU HEIMA ÞARNA.



SVEFNHERBERGIÐ

Ok, ok, ok. Tvær sængur svo það er ungur herramaður í spilinu líka, nú verður þetta spennandi. Einhvers konar listafólk eða menningargúru. Þau eru af krúttkynslóðinni komin en sýnist samt á fótunum að þau séu ekki á hæsta stigi. Ekki alveg Hjalmar, samt aðeins meira Sívía Nótt, kannski svona í kringum Emilíönu Torri ni á Íslensku tónlistarverðlaununum og það getur meira en verið að þetta fólk hafi verið þar. Enn og aftur ungir krakkar, svona 23–33 ára topps. Fötin eru flott, keypt í öllum helstu vintage-búðum landsins og sennilega leynast inn á milli íslenskt hannaðar flikur.



ÞETTA SAGDI LILJA NÓTT



BADHERBERGI

Týpísk 101 stærð á badherbergi, gæti verið á Njálss- eða Grettisgötunni einhvers staðar. Rautt sturtuhengi, ú sexi. Veski á hankanum. Snyrtivörur á vaskinum, flott litasamsetningin þarna inni. Þetta rauða lífgar upp á svarthvitt herbergið.

SNYRTIBORÐIÐ

Enn og aftur flottur stíll, ungur stíll, geggjáð mikið af sólgleraugum og kisustytta til dæmis á borðinu og myndirnar á veggjunum. Erfðagripirnir (silfuröskjurnar) frá ömmu... Ég vil yngja spádóminn niður í topps 30 ára. Samt snyrtileg stelpa... Victorias secret garden body spray, naglalökk, hársprayið, acenton og flotta ilmvatnsflaskan. Fer aftur að spá hvort hún búi ein.



STOFAN

Hmm, flottur gamall stóll, og blár sófi í stíl. Ég sé að allt er soldið í krúttarastílnum ef svo má segja, second hand-húsgögn sem er eitthvað sem ég er alveg að fíla sjálf. Gömul ljósakróna sem gæti verið úr Friðu frænku eða Góða hirðinum, sama má segja um skenkinn og sófaborðið þótt ég veðji frekar á Góða hirðinum með það. Sérían í horninu segir manni strax að um stelpu sé að ræða eða allavega var það stelpa sem „decoreraði“. Já, þetta er ung, skapandi manneskja. 101 búi og krútt! Hlutir með sál og sögu. Pottþétt enginn verðbréfasali.



ELDHÚSIÐ

Gömul innrétting sem yfir undir að þetta sé í 101 Rvk. Laptop-tölva. Nemi. Gæti mögulega verið blaðakona eða í auglýsingabransanum en nemi er nr. 1 hjá mér. Heimskortið segir mér að hún hefur ferðast mikið eða langar að ferðast mikið. Snyrtispejill, hvítur GSM og budda á borðinu fær mig aftur til baka í að það búi bara stelpa þarna. Eins með óróana í eldhúslugganum. Flott sixties-eldhúsbörð en bara 2 stólar og venjulegur, lítill ísskápur.



LOKANIDURSTAÐA

Allt í lagi, ég held að hér búi ung kona í kringum 25 ára. Gíska á að hún sé í einhverju hönnunarnámi við LHÍ en ef ekki er hún samt í háskóla. Hún býr ein en gæti átt kærasta sem gistir hjá henni annað veifið. Hún sækir staði eins og Kaffibarinn og Sirkus og er mikið fatafrík og hefur líka góðan smekk. Hún er ekki búin að búa þarna neitt sérstaklega lengi og vel gæti verið að hún væri að leigja þessa íbúð. Hún hefur smekk fyrir gömlum, fallettum hlutum og fötum og kys sögu og sál fram yfir nýja lykt og glans.

til hamingju ísland...

Því að yello er til, við djömmum í
nótt og þið mætið með mér
hlökkum til að sjá þig

föstudagur

dj gunni
fritt inn

laugardagur

dj gunni
atli skemmtanalögga
fritt inn til 1:00

enski boltinn

alltaf í þeinni á risaskjá
í boði heineken


cafe.bar.keflavík

yello



SPURNINGAKEPPNI DYRAVARÐA

LEIÐIN Í ÚRSLITIN



KRUMMI VS GUSSI

ÞÁ ER KOMIÐ AÐ ÚRSLITUM Í SPURNINGAKEPPNI DYRAVARÐANNA. ÞAÐ ERU ÞEIR KRUMMI OG GUSSI SEM MÆTAST EN ÞEIR HAFA BÁÐIR ÞURFT AÐ BERJAST FYRIR ÞVÍ AÐ KOMAST Á ÞANN STAÐ SEM ÞEIR ERU Í DAG. ÞETTA VERÐUR ÆSISPENNANDI KEPPNI, SVO MIKIÐ ER VÍST.



1. HVAÐ HEITIR VÆNDISKONAN SEM HUGH GRANT VAR GÓMAÐUR MEÐ Í AFTURSÆTI Á BÍL ÁRIÐ 1995?
Krummi: Ég man það bara ekki.
Gussi: Divine Brown.



2. STÓRSÖNGVARINN GEIR ÓLAFSSON KALLAR SIG Á ERLENDRI GRUNDU... A) SCARFACE B) ICE-TEA C) ICEBLUE D) BLUEBOY?
Krummi: Iceblue.
Gussi: Iceblue.



3. HVAÐA SJÓNVARPSKONA ÆTLAR SÉR AÐ BJARGA ÍSLANDI Í BÍTIÐ MEÐ VORINU?
Krummi: Ohhh, ég man það ekki.
Gussi: Sirri.



4. HVAÐ HEITA NÝJU KAPPARNIR Í ÞÁTTUNUM STRÁKARNIR SEM SÝNDIR ERU Á STÖÐ 2?
Krummi: Man það ekki.
Gussi: Gunni og Siggí [1/2 stig].



5. HVAÐ HEITIR LEIKSTJÓRI KVÍKMYNDARINNAR BROKEBACK MOUNTAIN... A) BRUCE LEE B) MICHAEL BAY C) ANG LEE D) YAO LEE?
Krummi: Yao Lee.
Gussi: Ang Lee.

6. HVERT ER ÍSLENSKA HEITIÐ Á ÞÆTTINUM DESPERATE HOUSEWIVES?
Krummi: Aðþrengdar eiginkonur.
Gussi: Aðþrengdar eiginkonur.

7. HVER AF SOUTH PARK DRENGJUNUM ER GYÐINGUR... A) ERIC CARTMAN B) KYLE BROFLOVSKI C) STAN MARSH D) KENNY?
Krummi: Kyle.
Gussi: Kyle Broflovski.

8. HVORT ER GRÍNARINN SIGURJÓN KIARTANSSON FRÁ EGILSSTÖÐUM EÐA ÍSAFIRÐI?
Krummi: Ísafirði.
Gussi: Ísafirði.

9. HVAÐA FORSKEYTTI FÆR SÁ SEM ER HÆSTRÁÐANDI Í MAFÚ?
Krummi: Don.
Gussi: Don.

10. FYRIR HVAÐA FLOKK SAT JÓN BALDVIN HANNIBALDSSON Á ÞINGI ALLAN SINN ÞINGMANNAFERIL?
Krummi: Alþýðubandalagið.
Gussi: Alþýðuflokkinn.



Gussi fór hamföllum í úrslitunum og sigraði Krumma með 9,5 stigum gegn 5. Gussi er því gáfaðasti dyravörður landsins.



Á leiðinni í úrslitin sigraði Gussi Kobba á Gauknum í æsispennandi viðureign í átta manna úrslitum, 7-6. Í undanúrslitum mætti hann síðan Haffa á Prikinu í klassískri viðureign og sigraði aftur 7-6. Svo í úrslitum sýndi Gussi sparihliðarnar og vann Krumma á Sólon með 9,5 stigum gegn 5.

Krummi fór meira sannfærandi í úrslitin. Hann sigraði Valda á Glaumbar í átta manna úrslitum 7-5. Í undanúrslitum sigraði hann Hjört á Traffic 7-5 en tapaði svo fyrir Gussa í úrslitunum.



14

RÚLLAÐI ÞESSU UPP


GUSSI ER GÁFAÐASTI DYRAVÖRÐUR LANDSINS. HANN SIGRAÐI Í SPURNINGAKEPPNI DYRAVARÐANNA SEM FARIÐ HEFUR FRAM Á SÍÐUM BLAÐSINS Á SÍÐUSTU VIKUM. SIRKUS RVK SETTIST NIÐUR MEÐ GÁFAÐASTA DYRAVERÐI LANDSINS OG SPJALLAÐI STUTTLEGA VIÐ KAPPANN.

„Ég hef aldrei áður unnið í spurningakeppni. En þetta er líka fyrsta keppnin sem ég tek þátt í,“ segir Gussi, sigurvegari í spurningakeppni dyravarðanna, og hlýtur hann því nafnbótina gáfaðasti dyravörður landsins. Það var létt yfir Gussa þegar hann heilsaði upp á ritstjórn Sirkus RVK og ekki síður þegar sjálfur Gillzenegger mætti og færði honum áritað eintak af Biblíu fræga fólksins í verðlaun.
„Þetta var alveg mögnuð keppni frá upphafi til enda. Líklega var slagurinn við Haffa í undan-

úrslitum erfiðasta viðureignin og ég var heppinn að sleppa þar í gegn. En svo þegar ég var komin í úrslit sýndi ég loks allar mínar bestu hliðar. Ég datt allrosalega í girinn og rúllaði þessu að lokum upp,“ segir Gussi stolltur.
Gussi sem heitir Gunnar Jónsson og vinnur á skemmtistaðnum Oliver er afskaplega vel lesinn maður. „Ég má nú eiga það helvitið af mér. Ég hef lesið töluvert,“ segir Gussi hæstánægður – enda gáfaðasti dyravörður landsins.

MÁNUDAGA KL 20:30

KALLARNIR GILLZENEGGER - PARTY-HANZ



KALLARNIR ERU Í BÓÐI HYDROXYCUT

**NÝ ANDLIT
Á SIRKUS
2006**

Í HUGUM KALLANNA ER FEGURÐIN ALLS EKKI AFSTÆÐ OG KEMUR POTTÞÉTT EKKI BARA
INNAN FRÁ. GILLZENEGGER OG PARTY-HANZ TAKA NOKKRA ÞEKKTA ÍSLENDINGA
OG BREYTA ÞEIM ÚR TREFLUM Í HNAKKA Í ÞÆTTINUM KALLARNIR Á SIRKUS

FYLGSTU MEÐ!



FRÁBÆRIR FYRIR EINN FJÓLUBLÁAN

HVAR ER BEST AÐ ÉTA FYRIR EINN BRYNJÓLF SVEINSSON? SIRKUS RVK BIRTIR TOPP TÍU YFIR BESTU STAÐINA ÞAR SEM HÆGT AÐ FÁ SÉR GÓÐAN MAT OG AÐ DREKKA FYRIR MINNA EN ÞÚSUNDKALL.



NONNABITI

Sirkus mælir með því að fá sér beikonbát á Nonna. Láttu steikja sveppi aukalega og troða í bátinn. Þessu áttu svo að sturta niður með ískaldri Pepsi. Mikilvægt að sleppa engu og biðja helst um mikið steikt beikon. Þá er best að borða fyrir klukkan 14 því þá er hundrað krónu afsláttur af bátnum. Nonni er maðurinn sem yfirgaf Hlöllabáta á sínum tíma með sósuna frægu. Hann vinnur alltaf á sama hraða, óháð því hvort það eru þúsund eða þrjú að biða. Ekkert að stressa sig. Ofurskutilan Dóra er heldur aldrei langt undan.



MCDONALDS

Hinn lítt fríði og ófyrndi Morgan Spurlock reyndi að rægja Makkarann með myndinni Supersize Me. Það virkaði ekkert hjá honum enda sá fólk að hann var augljóslega að éta yfir sig alla daga. Makkarinn er auðvitað alþjóðleg keðja með alþjóðlegt starfsfólk sem alltaf er létt í lund. Það verður bara að segjast eins og er að Mc stendur alltaf fyrir sínu. Sirkus mælir með á McDonalds: Premur ostborgurum, litlum skammti af frönskum og lítilli kók. Algjör snilld.



BORGARGRILL

Borgargrill er ekki með mest sexi útlit í heimi en því hefur löngum verið haldið fram að ekki eigi að dæma nokkum mann eða nokkuð eftir útliti. Það á við um Borgargrill sem hefur virkilega góða borgara. Sirkus mælir sérstaklega með á Borgargrilli: Búkkollu! Sem er steikarbelgur með nautakjöti, frönskum og bernaise-sósu. Og að sjálfsögðu einni súperdós. Þetta er blanda sem getur ekki klikkað og þú ferð úttroðinn og sællegur út af staðnum. Og að sjálfsögðu fáránlega sáttur.



HAMBORGARABÚLLAN

Athafnamaðurinn Tommi hefur marga fjöruna sopið í veitingahúsarekstri. Það verður þó aldrei tekið af honum að hann kann að stækja hamburgara helvískur. Silfurrefurinn við grillið gæti sigrað heiminn. Sirkus mælir með Tilboði aldarinnar: hágæðaostborgari með góðum frönskum og kóki úr vél. Mjög góður matur og þeir sem komast á bragðið fara aftur og aftur. Svo er auk þess boðið upp á djöflatertu og sjeik fyrir lengra komna en þá ertu líka kominn yfir þússarann.



BÆJARINS BESTU

Íslendingar voru fyrir löngu búnir að uppgötva Bæjarins bestu áður en Bill Clinton kom og fékk sér eina með sinnepi og engu öðru. Pylsurmar þarna eru búnar til úr ekta gömum en ekki gervigömum – það gerir gæfumuninn. Svo er þjónustan á þessum pylsubar sú hraðasta í heimi og það er ekkert grín. Þú biður um eina með öllu og hún er komin til þín áður en þú nærð að klára þöntunina. Sirkus mælir með á Bæjarins bestu: Tveimur með öllu og kók úr vél. Einfalt en ákaflega gott og vel undir fjólubláum.



KFC

Kentucky er þriðja risakeðjan á listanum. Það virðist kannski plebblegt og kjánalegt að mæla með KFC en það skiptir engu máli því staðurinn er með þetta. Sirkus mælir með á KFC: BBQ-borgara með slatta af majonesi og vel af BBQ-sósu. Líklega einhver besti þynnukumatur sem völ er á. Rétt eins og á Subway lendir maður oft í löngum röðum á staðnum en þá er bara málið að vera þolinmóður því þegar borgarinn er kominn á borð ertu konungurinn.



AMERICAN STYLE

Í upphafi fór fólk aballega á American Style til þess að fá fría áfyllingu á gosið. Borgaramir þóttu líka vel útlátir og þykja enn. Þó svo að fleiri og fleiri staðir séu famir að bjóða upp á fría áfyllingu stendur Staellinn ennþá fyrir sínu. Sirkus mælir með á American Style: Ostborgaratilboði. Eina sem þúsundkallinn reður við einn og sér. Klassískur hamburgari með líklega bestu frönskum bæjarins. Og svo er ókeypis áfylling á gosi auðvitað enn við lýði.



SUBWAY

Það er í raun ekkert kúl eða sveitt við að fá sér Subway en engu að síður geturðu alltaf stólað á Söbbarann. Ferskleiki er jú bragð staðarins þó svo að erfitt hafi verið að þýða slagorðið Subway's the place, where fresh is the taste. Það er reyndar leiðinlegt að koma þangað þegar röðin er löng en það er þess virði að biða. Sirkus mælir með á Subway: Að sjálfsögðu með Bræðingli. Segðu einn Bræðing takk og þá ertu góður.



HLÖLLABÁTAR

Það þykir meira kúl að fara á Nonnabita en það verður ekkert tekið af Hlöllla að hann er Good shit. Þá er sérstaklega átt við Pizzabátinn eða Línubátinn sem rennur fáránlega ljúft niður með súperdós af kók. Afgreiðslan á staðnum gengur mjög hratt fyrir sig enda eru þetta ekki einungis menn með þjónustulund sem starfa þarna heldur eru þetta hreinlega afraunamenn. Þvílíkir skrokkar sem tyna til á bátinn þinn og ef einhver er með læti inni á staðnum geta þeir hæglega hent honum út ef þess þarf með.

BREKI BALTASARS MEÐ AÐALHLUTVERK Í BIRTINGI

Á HERRANÓTT, LEIKFÉLAG MENNTA-SKÓLANS Í REYKJAVÍK, FRUMSÝNIR VERKIÐ BIRTING Í KVÖLD. BLAÐA-MAÐUS SIRKUS RVK KÍKTI Á ÆFINGU HJÁ KRÖKKUNUM OG RÆDDI VIÐ LEIKSTJÓRA VERKSINS OG AÐALLEIK-ARANN SEM KIPPIR Í KYNID.

„Þetta er leikgerð sem notuð var í Hafnarfjarðarleikhúsinu fyrir tíu árum síðan,“ segir Friðrik Friðriksson sem leikstýrir verkinu Birtingur sem leikfélagið Á Herranótt, leikfélag Menntaskólans í Reykjavík, frumsýnir í kvöld. Leikgerðin var á sínum tíma unnin upp úr þýðingu Halldórs Laxness á Birtingi. „Ég þurfti að grafa leikgerðina upp í gamalli Macintosh-tölvu. Það vantaði á hana lykklaborðið og allt hvað eina þannig að ég þurfti að grúska mikið áður en ég loksins fann þetta,“ segir Friðrik og hlær.

REKINN AF HEIMILI SÍNU

Verkið er leikgerð af skáldsögu Voltaire. „Þetta er mega heimspeki,“ segir Friðrik spenntur. „Sagan er létt þótt það sé verið að fjalla um stríð og nauðganir. Leikgerðin er mjög kómísk.“ Í verkinu er fjallað um Birting sem hóf ferðalag sitt um heiminn þegar hann var rekinn burt úr kastala sínum í Vestfalíu. Hann hafði í veganesti heimspeki meistara síns, Altungu, um að allt leiddi ávallt til hins besta og að allir atburðir væru hlekkir í ein-tómri keðjuverkun. Í heimsreiðu sinni fær hann að kynna skuggahliðum veraldarinnar.


BALTASAR YNGRI MEÐ AÐALHLUTVERK

Baltasar Breki Baltasarsson fer með hlutverk Birtings en hann er eins og nafnið gefur til kynna barnabarn Baltasars Samper sem er einmitt faðir Baltasars Kormáks. Til að gera langa sögu stutta er Baltasar Breki sonur Baltasars Kormáks – hvað eru margir Baltasarar í því? Þá er Baltasar einnig sonur Ástrósar Gunnarsdóttur dansara svo óhætt er að segja að listin sé honum í blóð borin. Hann kallar sig ekki Baltasar heldur Breka – láti honum það hver sem vill. Hann er á fyrsta ári í MR og einungis sextán ára.

Er ekkert erfitt að detta beint inn í aðalhlutverkið?

„Jú, þetta er náttúrulega áskorun en aðallega mjög skemmtileg,“ segir Breki hógvær.

Finnst þér vera meiri pressa á þér því þú ert



BALTASAR OG FRÍÐRIK LEIKSTJÓRI. STÓRI OG LITLI.

sonur foreldra þinna?

„Nei, ekki innan leikhópsins eða frá leikstjóranum. Ég finn ekki fyrir því,“ segir Breki. Hann viðurkennir þó að það geti verið þreytandi að vera sífellt kenndur við foreldra sína. „En það er bara partur af þessu,“ segir hann og

brosir.

Verkið er sem fyrr segir frumsýnt í kvöld og verður sýnt stíft í kjölfarið. Þeir sem hafa áhuga á að skella sér geta nálgast miða í síma 664-3735. SHS

VIDDI, BASSALEIKARI HLJÓMSVEITARINNAR TRABANT.



VONDI VIDDÍ

Viddi, bassaleikari hljómsveitarinnar Trabant, hefur svohljóðandi talhólfskveðu:

„I'm a little nasty, I'm a nasty little boy.
:::
I'm a little useless, I'm a useless little toy.“

Viddi hefur þarna valið lagið Nasty Boy sem talhólfskveðu. Þó að lagið sé gott, þýðir það ekki að talhólfskveðjan sé góð. Auðvitað ber að virða Vidda fyrir að vera sífellt á tánum þegar kemur að markaðssetningu tónlistarinnar. Hins vegar er þetta talhólf vonlaust hvað varðar upplýsingaflæði. Fólk veit ekki hvað það á að gera og veit í raun ekki hvort það hefur hringt í réttan mann. Ekki nema lýsingin nasty, useless boy eigi vel við Viðar.

★★★★☆

TALHÓLF FRÆGA FÓLKINS...



BLINDT KAFFIHÚS

„Þetta er skemmtun fyrir alla og fjölbreytt fjör,“ segir Jón Hjalti Sigurðsson, tómtundaráðgjafi hjá Sérsvéitinni. Það verður svokallað Blindt kaffihús í kjallara Hins hússins í dag milli 13.00 og 18.00 og fram á sunnudag. Jón Hjalti er sjálfur blindur og veit því hvað hann syngur þegar kemur að því að opna Blindt kaffihús. „Þetta verður kaffihús í svartarmyrri, blindir og sjónskertir sjá um að skemmta. Klassísk tónverk, uppistand og húmor. Það verður boðið upp á kaffi og með því. Þetta verður svo með öðru sniði á sunnudaginn en þá verður þetta í Húsdýragarðinum. Þá verður ekki myrkur heldur bundið fyrir augun á fólki,“ segir Jón Hjalti sem er að vonum spenntur. Blinda kaffihúsið er hluti af Vetrarhátíð Reykjavíkur.



BIRTINGUR OG KÚNÍGÚND – BREKI OG KRISTÍN GUÐMUNDSDÓTTIR.



BREKI Í HLUTVERKI BIRTINGS.



MAGNÚS ÖRN Í HLUTVERKI PERGIRÐINGS ÁSAMT DÖMUM Í PARÍS.



LÍTILSBEIÐANDI OG BIRTINGUR – HILDUR HELGA OG BALTASAR BREKI.

HEIMASÍÐA VIKUNNAR

HLUSTAÐU Á ALLT FRÍTT

Heimasíða vikunnar að þessu sinni er Radioblogclub.com, eða útvarpsbloggklúbburinn. Á þessari heimasíðu getur þú slegið upp heiti nánast hvaða lags eða flytjanda sem er og hlustað á lagið í fullri lengd. Þú getur að vísu ekki halað lögnum niður enda þarftu þess ekkert ef þú ert nettengdur dag og nótt. Lögin fara ekki neitt. Þau eru alltaf þarna. Fin leið ef þig langar kannski allt í einu að hlusta á Lady in Red en nennir ekki að dánalóða því og finnur ekki gamla vinylinn. Þá skrifarðu bara inn leitarorðið og liður um í ljúfum ham.



TIL HVERS AÐ KAUPA GEISLADISKA?




HLUSTAÐU OG BORGADU EKKERT FYRIR ÞAÐ. HEIMASÍÐA VIKUNNAR.

SIRKUSTVÍFARAR



ANDREA RÓBERTS

Tvífarar vikunnar að þessu sinni eru þau Andrea Róbertsdóttir og Skjöldur Fannar Mio Eyfjörð. Skjöldur er einhver frægasti hommi og dragdrottning Íslands en Andrea er hvað þekktust fyrir fyrirsætustörf, sjónvarpsmennsku og svo var hún auðvitað kærastan hans Frikka Weis á sínum tíma. Enginn veit almennilega hvað hún er fást við í dag en Skjöldur er hins vegar að læra hárgreiðslu og verður án efa sá heitasti í þeim bransa þegar hann útskrifast. Þetta eru fyrstu tvífararnir af gagnstæðu kyni og fögnum við því.



SKJÖLDUR EYFJÖRÐ

17

SÝNING ÍSLENSKA DANSFLOKKSINS, TALAÐU VIÐ MIG, VERÐUR FRUMSÝND Í KVÖLD. SÝNINGIN INNIHELDUR TVÖ VERK: ANNARS VEGAR VERKIÐ SÚRT OG SÆTT EFTIR DIDI VELDMAN EN HINS-VEGAR VERKIÐ GLEÐILEGT ÁR EFTIR RUI HORTA. BLAÐAMAÐUR SIRKUS RVK HITTI TVÖ DANSARA DANSFLOKKSINS OG REYNDI AÐ FRÆÐAST UM SÝNINGUNA Á MANNAMÁLI.

SVIÐSMUNIR DANSFLOKKSINS ERU FLOTTIR.

PABBI MINN GETUR LAMIÐ PABBA ÞINN

Pabbi minn getur lamið pabba þinn," er það eina sem dansarinn Brad getur stumið út úr sér á íslensku þegar blaðamann ber að garði í Borgarleikhúsinu. Erindið er að ræða sýningu dansflokksins – Talaðu við mig. Þau Didi Veldman og Rui Horta eru höfundar sýningarinnar en þau sömdu sitt verkið hvort. Verk Didíar heitir Súrt og sætt en verk Ruis heitir Gleðilegt ár. Þau Brad Sykes og Katrín Ingvadóttir taka þátt í sýningunni og gefa þau sér tíma til að setjast og ræða málin. Eftir að Brad hefur gert grein fyrir íslenskukunnáttu sinni er ákveðið að tala frekar ensku. Hverjum er ekki sama þó Pabbi hans geti lamið einhvern?

LEITIN AÐ SJÁL FUM SÉR

Blaðamaður er ekki sá dansfróðasti í bransanum þó danslistin sé honum í blóð borin. Það eru því margar spurningar sem brenna á vörum hins heimiska.

Um hvað er þetta verk?

„Þetta er um fólk sem er að finna sig sjálft og hve erfitt það getur verið," segir Brad hikandi. Augljóslega erfitt að reyna að útskýra um hvað þetta er og spurningin því fáránleg. „Fyrsta stykkið er mun myndnara en seinna verkið er aftur alvarlegra," segir hann. Þau segja þó að bæði verkin hafi sviðað þema en gjörólíka nálgun. Hópurinn á nú strangar æfingar að baki sem eiga án efa eftir að skila sér á sviðinu í kvöld. Hópurinn hefur samt ekki æft verkið í svo lang-

an tíma miðað við það sem venjan er. Þau fengu sex vikur í æfingar með Didi en fjórar með Rui Horta. Það er því óhætt að segja að tekið hafi verið á því.

ALLTAF ERFITT

Brad er frá Kanada en hefur búið hér á landi frá því í lok ágúst á síðasta ári. Hann kom fyrst hingað til lands í febrúar á síðasta ári en fékk svo ráðningu seinni part síðasta sumars. Katrín hefur starfað með Íslenska dansflokknum frá árinu 1993. Þá er kominn tími á aðra heimskulega spurningu.

Eru þetta erfðir dansar?

„Þetta er alltaf mjög erfitt," segir Brad og bætir við. „Í sumum atriðum eru allir inn á sviði í einu og þá skiptir miklu máli að vera samstíga. Það getur verið erfitt." Alls taka tólf manns þátt í sýningunni en ein dansaranna er meidd á hné og ættu þau með réttu að vera þrettán.

SÝNING FYRIR ALLA

Nú þegar blaðamaður hefur setið og gert sig að fifli með fáránlegum spurningum er komið að því að bæta gráu ofan á svart.

Ég hef aldrei mætt á sýningu hjá dansflokknum.

„Það er skömm," segir Katrín og hlær.

Ég veit það, en hafa allir gaman af þessu?

„Já þetta er algerlega fyrir alla. Ég held að þetta sé fyrir alla aldurshópa og fyrir allskonar fólk," segir hún nokkuð sannfærandi. Það virðist líka nokkurn veginn vera einróma álit þeirra sem hafa komið á sýningu að þær séu skemmtilegar.

KRAFTUR.



GEYSILEG ORKA EINKENNIR DANSFLOKKINN.



VALGERÐUR RÚNARSÓTTIR FER Á KOSTUM Í SÝNINGUNNI.



DANSFLOKKURINN RÍS FYR FJALLSTINDA

Ástæður þess að fólk er meira hikandi við að mæta á sýningu hjá Íslenska dansflokknum en á leiksýningar og tónleika eru ekki með öllu kunnar. Dansararnir hljóta að hafa einhverjar kenningar hvað það varðar.

Af hverju er fólk hrætt við að mæta?

„Ég er með kenningu," segir Katrín spekingsleg – svo spekingsleg að kollegi hennar heldur ekki andlitinu og fer að hlæja og hún sjálf með. „Hér áður fyrr var allt mun klassískara. Síðan ég byrjaði hafa verkin orðið sýnilegri og fengið meiri athygli út af samstarfsverkefnum við leikhúsið. Eins og til dæmis Carmen. Fólk veit meira um dansflokkinn í dag en það gerði áður sem er gott fyrir okkur dansarana, og gott fyrir fólk," segir hún. Þá gellur í Kanadamaninum: „Sumir halda að dansinn sé líka of stelpulegur og líkingu við klassískan ballet. En hann er það engan veginn. Hér eru stelpurnar að kasta sér á jörðina og allt hvað eina og það er ekkert stelpulegt við það," segir Brad. „Ég þekki margt fólk hér á Íslandi sem hafði aldrei farið á danssýningu áður en það kynntist mér. Svo hef ég hvatt það til að koma og það hafa allir skemmt sér vel," segir hann.

SANNFÆRÐUR UM AÐ MÆTA

Þeim Brad og Katrína hefur gengið nokkuð vel að sannfæra undirritaðan um að skella sér á danssýninguna. „Við munum heilla þig upp úr skónum," segir Katrín og það gerir útslagið. Auðvitað er eina vitið að mæta á sýninguna og sjá hvort þetta sé eitthvað fyrir augað eða hin skilningarvitin. Þó það væri ekki nema til þess að næra hjartað.

KATRÍN INGVAÐÓTTIR
DANSAR MEÐ
DANSFLOKKNUM.

18

Það er gott að spara! Spurðu Rabba bara

Rafn Árnason sparar fasta upphæð mánaðarlega og skuldfærir hana af E-kortinu sínu. Hann fjárfestir í Alþjóðlega hlutabréfasjóðnum sem gaf 20,15% ávöxtun á síðasta ári*. Þannig hefur Rafn á einfaldan hátt nýtt sér sterka stöðu íslensku krónunnar og eignast alþjóðlegt safn hlutabréfa.

SPRON Verðbréf eru með fimm verðbréfasjóði til sölu og eru þeir lausir til innlausnar hvenær sem er.

Viðskiptavinir SPRON Verðbréfa sem spara með E-kortinu fá 100% afslátt af sölubókun allt árið 2006. Kynntu þér úrval sparnaðarleiða hjá SPRON Verðbréfum í síma 550 1310 eða á www.spronverdbref.is.

*Nafnávöxtun miðað við 01.08.2005–01.01.2006 á ársgrundvelli.

Ármúla 13a – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is


VERÐBRÉF



Rekstrarfélag SPRON sér um rekstur þessa fimm sjóða sem eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003. Nánari upplýsingar má nálgast í útboðslýsingu hjá SPRON Verðbréfum.



AGGI AGGZILLA Í STÚDÍÓ AJAX.



PÓRHALLUR OG SIGURBJÖRN HEIMA HJÁ GOLDIE.



SIGURBJÖRN SÁTTUR Á AJAX-ÁRUNUM.



PÓRHALLUR Á TÓNLEIKUM.



STÚDÍÓ AJAX.

AJAX



BAKSVÍÐS Í PRÓTTHEIMUM EFTIR VEL HEPPNAÐA TÓNLEIKA.



PÓRHALLUR Í PRÓTTHEIMUM.

SNÝR AFTUR

HLJÓMSVEITIN AJAX VAR FUNHEITT REIFBAND Í BYRJUN TÍUNDA ÁRATUGS SÍÐUSTU ALDAR. FRÁ ÞEIM TÍMA HEFUR SVEITARINNAR VERIÐ SÁRT SAKNAÐ EN AÐDÁENDUR HENNAR GETA ÞÓ ANDAÐ LÉTTAR ÞVÍ SVEITIN HEFUR BOÐAÐ ENDURKOMU ÞANN 3. MARS NÆSTKOMANDI OG EINUNGIS ÞÁ. ÞETTA ER EINA TÆKIFÆRIÐ SEM MÖNNUM GEFST TIL ÞESS AÐ SJÁ ÞESSA SNILLD Á TÓNLEIKUM. SIRKUS RVK RIFJAÐI UPP AJAX-ÁRIN MEÐ PÓRHALLI SKÚLASYNI.

„Við vorum eiginlega bara plataðir út í þetta,“ segir Pórhallur Skúlason, annar meðlima hljómssveitarinnar Ajax sem var upp á sitt besta snemma á tíunda áratug síðustu aldar en lagði upp laupana árið 1992. Nú er þannig í pottinn búið að sveitin mun koma fram á tónleikum Marco Bailey á Gauknum þann 3. mars næstkomandi en sveitin spilaði síðast fyrir tveimur árum síðan. „Þá var svo brjáláð stuð að það hálfá væri nóg. Síðast þegar ég sá svona stuð var ég á einhverjum pönktónleikum árið 1979. Ég er ekki að ljúga því,“ segir Pórhallur og bætir við: „Þetta var rosalegt. Þannig að ég býst við stuði núna.“

SYKURMOLARNIR HITUÐU UPP

Hljómssveitina Ajax skipuðu þeir Pórhallur og Sigurbjörn Þorgrímsson. Pórhallur segir að þeir félagar hafi byrjað að fíkta við þessa tónlist upp úr árinu 1989. Á augabragði hafði sveitin eignast sæmilega stóran aðdáendahóp. „Þetta var voðalega vinsælt hérna í bænum. Þetta var svona félagsmiðstöðvadótt eitthvað. Já, en vinsælt og ekki vinsælt, Sykurmolarnir hituðu allavega einu sinni upp fyrir okkur á Hótel Borg,“ segir Pórhallur og ætti það að segja ýmislegt um vinsældir sveitarinnar.

KYNT UNDIR GEÐVEIKI FÓLKS

Nú skilst mér að þetta hafi verið mikil stuðgrúppa. Voruð þið með mikið atríði á sviði? Dress og annað?

„Kannski ekki mikið af dressum en við vorum með mikið af fíflalátum. Fólk var að taka sviðsdýfur og við vorum mætandi með einhver sjonvarpstæki og meira að segja einhverjar kaffivélar á sviðið. Ég man að eitt skiptið var ég að raka mig milli laga. Ég var alveg fúlskeggjaður og svo tók ég smá hluta í einu og var að leyfa fólki að hjálpa mér. Það myndaðist skrítin stemning í kringum það. Það var í raun verið að kynda undir geðveikinni í fólki,“ segir Pórhallur.

Berbrjósta píur?

„Nei, þetta voru allt svo ungir krakkar, það kom síðar.“



PÓRHALLUR Í DAG. BÚINN AÐ LÁTA STUSSYGALLANN FJÚKA.

ERTU MEÐ Í BARÁTTUNNI EÐA EKKI

Hljómssveitin Ajax varð sem fyrr segir geysivinsæl og strákarnir funheitir. Þeir aðstoðuðu tónlistarmanninn Goldie með sína fyrstu plötu, gáfu sjálfir út plötu sem dreift var í Bretlandi og þess á milli tóku þeir þátt í baráttunni fyrir tilverurétti reiftónlistar. „Það kom upp mikil samstaða milli hópa, það skipti ekki máli hvað þú varst að gera. Þetta var meira svona: „Ertu með okkur í baráttunni eða ertu eitthvað

annað?“ Reifsenan var orðin dálítið stór og stóð saman. Lið eins og strákarnir í Gus Gus og fleiri og fleiri voru með í sama bát að reyna að berjast fyrir þessu, að reiftónlist yrði spiluð á Íslandi. Það tók okkur mörg ár að koma fólkinu í skilning um að þetta væri allt í lagi músík,“ segir Pórhallur sigri hrósandi.

LÖGIN LIFA

Þó að hljómssveitin hafi lagt upp laupana snemma á tíunda áratugnum lifa lögin engu að síður enn þann dag í dag. Reifsafndiskurinn Icerave – Alsæla kom út árið 1992 og á honum eru fjögur lög með Ajax. „Það er diskur sem Skífan gaf út. Ég sá um að velja öll lögin á diskinn í samvinnu við Skífumenn. Ég heyri aðra hverja viku af fólki sem er að hlusta á þetta í partúm hér og þar um bæinn,“ segir Pórhallur og hlær.

Þetta var stuðtónlist?

„Já, þetta var það. Það væri nú reyndar aldrei hægt að gefa þetta út í dag. Þetta sáandar allt hálfilla og kröfurnar orðnar meiri. Þetta er sama hugmyndaflugið og var í gangi í sambandi við pönkið hérna í gamla daga. Andinn sveif yfir vötnum en það var ekkert verið að spá og spekulera allt of mikið í hvemig þetta sándaði eða hljómgaðum yfir höfuð,“ segir Pórhallur.

ALLIR MÆTA MEÐ FLAUTUR

Í dag starfa þeir Ajax-félagar við tónlist en þó hvor í sínu lagi. „Vinskapurinn hélt samt áfram og við höfum verið að styðja við bakið á hvor öðrum síðan.“ Það munu þeir líka gera á NASA þann þriðja mars þar sem stuðið verður meira en það var á pönktónleikum 1979, og meira en það var síðast þegar sveitin kom saman. Pórhallur verður þá nýkominn frá Barcelona en hann mun halda nokkra tónleika þar í borg í lok mánaðarins. Svo mætir hann funheitur og sólbrúnn á klakann. „Þá tengjum við tölvurnar okkar saman og svo er bara gefið í. Svo er alveg nauðsynlegt að fólk taki flautur með sér.“

SHS

X-LISTINN TOPP 20

SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	Shinedown	Save Me
2.	System Of A Down	Lonely Day
3.	Dikta	Breaking The Waves
4.	Nine Inch Nails	Every Day is Exactly...
5.	Dead Sea Apple	Bearer Of Bad News
6.	Matsyahu	King Without A Crown
7.	Richard Ashcroft	Break The Night...
8.	Fræ	Fréðinn Fáviti
9.	Dr. Mister & Mr...	Kokaloca
10.	Pendulum	Slam
11.	The Darkness	Is It Just Me
12.	Arctic Monkeys	I Bet You Look...
13.	Ampop	Clown
14.	Vax	Your Hair is Stupid
15.	Singapore Sling	Saul
16.	Avenged Sevenfold	Bat Country
17.	Úlpa	Sexy Dick
18.	Jeff Who?	Barfly
19.	Bullet For My Valentine	All These Things I Hate
20.	Sign	Breathe

SIGNARARNIR ERU KOMNIR INN Á LISTANN.



FM 95.7 ÍSLENSKI LISTINN TOPP 20

SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	Mary J. Blige	One
2.	Kelly Clarkson	Gone
3.	Eminem / Nate Dogg	Shake That
4.	Lifehouse	Blind
5.	Daniel Powder	Free Loop
6.	Staind	Right Here
7.	Neyo	So Sick
8.	Rihanna	If It's Lovin That...
9.	The White Stripes	My Doorbell
10.	Silvía Nótt	Til hamingju Ísland
11.	James Blunt	Goodbye My Lover
12.	Beyonce Knowles	Check On It
13.	All American Reject	Dirty Little Secret
14.	Darren Hayes	So Beautiful
15.	Ampop	My Delusions
16.	Chris Brown	Run It
17.	Fall Out Boy	Sugar, We're Going...
18.	Ryan Cabrera	Photo
19.	Nelly	Grillz
20.	Click Five	Catch The Wave

SILVÍA NÓTT KLIFRAR UPP LISTANN MEÐ LAGIÐ TIL HAMINGJU ÍSLAND




20

„ÉG MAN AÐ EITT SKIPTIÐ VAR ÉG AÐ RAKA MIG MILLI LAGA. ÉG VAR ALVEG FÚLSKEGGJAÐUR OG SVO TÓK ÉG SMÁ HLUTA Í EINU OG VAR AÐ LEYFA FÓLKI AÐ HJÁLPA MÉR.“

AMERICAN IDOL
MÁNUDAGA KL 21:00

JÓNSSON & LE' MACKS • JI.II



AMERICAN IDOL ER Í BOÐI MEKONG



MEKONG

thailensk matstupa




VINSÆLASTI SJÓNVARPSPÁTTUR HEIMS Á SIRKUS

HVER STENDUR UPPI SEM IDOL-STJARNA BANDARÍJANNA?

FYLGSTU MEÐ!



SIRKUS



OLGA: KJÓLL EVA 27.900.-, SKÓR GSSKÓR 6.990.- OG HÁLSMEN GK 2.900.-
 VERA: KJÓLL EVA 34.900.-, SKÓR GSSKÓR 8.900.- OG HÁLSMEN SPÚTNIK 1500.-



VERA: KJÓLL WISTLES 7.990.-, BOLUR CENTRUM 3.990.-,
 HÁLSMEN SPÚTNIK 1500.- OG VESTI CENTRUM 12.990.-



JÓHANNA: KJÓLL GK 13.900.-, SKÓR GSSKÓR 9.900.- OLGA: KJÓLL GK 19.900.- OG SKÓR GSSKÓR 19.900.-.




GRAND

VIÐ ERUM EKKI NÓGU DUG-
LEG AÐ BREGÐA ÚT AF
VANANUM OG AÐ ÞVÍ TIL-
EFNI LEGGJUM VIÐ TIL AÐ
FÓLK FARI ÚT AÐ BORÐA.
PANTIÐ YKKUR BORÐ Á
YKKAR UPPÁHALDSSTAÐ,
SPJALLIÐ, SÖTRIÐ GOTT VÍN
OG BORIÐ YKKUR PAKK
SÖDD AF DÝRINDISMAT
SEM ÞIÐ ÞURFTUÐ EKKI AÐ
ELDA SJÁLF. VERA, OLGA
OG JÓHANNA GERÐU
AKKÚRAT ÞETTA, ENDA ER
HIN KRÆSILEGA HÁTÍÐ
FOOD AND FUN AÐ BYRJA.
KVÖLDIÐ HEFST Á SJÁVAR-
RÉTTAKJALLARANUM EN
HVAR OG HVENÆR KVÖLD-
IÐ ENDAR ER EKKI RÁÐIÐ.
GÓÐA SKEMMTUN OG
VERÐI YKKUR AÐ GÓÐU.



OLGA: PEYSA OG SKYRТА EVA 19.900.- OG PILS MEÐ ÁFÖSTUM AXLABÖNDUM WISTLE 11.990.-.



JÓHANNA: STÍGVÉL GSSKÓR 12.990.-, JAKKI CENTRUM 22.990.- OG BUXUR CENTRUM 15.990.-

23



HEITUSTU FYRIRSÆTUR HEIMS

Þessar fyrirsætur standa öðrum framur í bransanum. Þær eru ungar og á uppleið og eiga eftir að verða risastór nöfn í framtíðinni.




Fyrst er það Jessica Pauletto sem kemur frá Suður-Brasilíu. Hún er aðeins fimmtán ára og var uppgötvuð á röltinu í verslunarmiðstöð. Lá þá leið hennar beint í brasilíska Vogue, Cosmo Girl og Teen Vogue.



Að þessu sinni ákváðum við að renna yfir sögu Betsey Johnson, þar sem hún er engu lík og kemur sífellt á óvart. Betsey Johnson fæddist í Hartford í Connecticut í Bandaríkjunum árið 1942. Johnson dvaldi í ár á Pratt Institute í Brooklyn, áður en hún útskrifaðist frá Syracuse University árið 1964. Hún vann hjá blaðinu Mademoiselle árið 1964 en þar hóf hún störf eftir útskrif og vann þar í eitt ár. Á þeim tíma hannaði hún og seldi fötin sín í t.d einni búð í New York sem hét Paraphernalia. Árið 1960 opnaði hún svo verslun sem hún kallaði „Betsey, Bunkey og Nini“. Það er saga að segja frá því að þegar hún kynnti vorlínuna sína árið 2001 vakti hún mikla athygli. Hún fékk 29 Playboy-kanínur til þess að kynna undirfata- og baðlínuna sína, en þetta uppátæki hennar sló rækilega í gegn. Eitt sem fæstir vita um hana er að hún hefur verið gift þrisvar sinnum og á eina dóttur sem heitir Lulu. Betsey Johnson kynnti sumar- og vorlínuna sína á New York Fashion Week sem var haldin núna í september. Hún er undir áhrifum Brigitte Bardot í kringum 1960, þar sem kjólarnir eru fínlegir og með útsaumi. Fyrirsæturnar vildi hún að líktust ungum stúlkum sem væru að spóka sig í kringum kaffihúsin í París að sumartíma. Myndirnar eru allar frá vor- og sumarlinunni sem hún kynnti núna á New York Fashion Week.



Yulia Vassiltsova er rússnesk bylting, klassísk feegurð hennar hefur vakið mikla athygli, meðal annars í ítalska Vogue og fleiri blöðum. Hún tekur einnig þátt í næstu Benetton-herferð sem og DKNY-herferðinni. Í frítíma sínum stundar hún ljósmyndun af kappi og fær víst ekki nóg af Donald Duck.



BRJÁLADA BETSEY



Davina Mulimbi sem er fædd í Belgíu en á ættir að rekja til Afríku hefur verið í bandaríska Elle, franska Glamour og franska Elle. Hún er díva af guðs náð og hefur sýnt fyrir John Galliano og Dior.



FRUMLEGUR OG FYNDINN

JEAN-CHARLES DE CASTELBAJAC

Aldrei er of mikið minnst á snillinga í þessu blaði. Jean-Charles de Castelbajac er 56 ára hönnuður og snillingur af guðs náð. Hann hefur unnið að fjölbreyttum verkefnum með ýmsum listamönnum eins og Iceberg, MaxMara og Courrèges, en núna er hann að vinna með Rossignol og Le Coq Sportif. Hann segir liti og húmor skipta miklu máli í verkum sínum. Þeir sem hafa áhuga geta kíkt inn í ævintýraheim og notið vel: <http://www.jc-de-castelbajac.com/>



Nicotinell®

Gott bragð til að hætta að reykja!



**Reyklaus
með Nicotinell**

Sódoma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

ÞAÐ BESTA HUÁ SIRKUSFJÖLSKYLDUNNI



GUNNI ÚR STRÁKUNUM ER ALLA VIRKA MORGNA Á X-INU.

HELVÍTIS DJÖFULSINS MORGUNÞÁTTURINN

Helvítis morgunþátturinn er jú morgunþátturinn á X-inu 977. Þátturinn er í umsjón Gunnars Sigurðssonar og Viðars Inga Péturssonar. Drengjunum tveim er ekkert óviðkomandi. Þeir þjóna landsbyggðinni af kappi og fá glæsimeinn í heimsókn svo sem Öllug Jakobsson.

Þátturinn er meinfyndin en Gunnur hefur slegið í gegn í þáttunum Strákarnir á Stöð 2 að undanfögnu. En Gunnar nýtur sín betur í útvarpi og á oft frábæra spretti á bak við hljóðneman.

Helvítis Morgunþátturinn er af öðrum ólöstuðum myndnasti morgunþátturinn á markaðnum í dag.

FIMMTUDAGUR KL. 21.45

SÚPERUNGLINGURINN CLARK KENT

Þættirnir Smallville segja frá unglingspiltum Clark Kent áður en hann varð Súperman. Það gerðust merkilegir atburðir í Smallville þegar Clark mætti á svæðið í geimskipi í kjölfar loftsteinastorms. Nú er svo í pottinn búið að Clark þarf að berjast við allar gerðir einstaklinga sem fengu ofurkrafta í kjölfar loftsteinaregnsins en um leið þarf hann að halda sínum eigin kröftum leyndum, hann er jú Súperman. Hann þarf þess á milli að sinna vinum sínum og vera með tvær þúfur í takinu, þær Chloe og Lönu. Vin-




HINN UNGI SÚPERMAN Í SMALLVILLE.

ur hans er Lex Luthor sem flestir þekkja sem óvin Súperman. Áhorfendur geta fylgst með því hvernig vinátta þeirra þróast í óvináttu, kröftuga óvináttu. Finir þættir.



CHRISTOPHER REEVE Í HLUVERKI SÚPERMAN.



ÞAU LEITA AÐ FÓLKI TIL AÐ TAKA ÞÁTT Í RAUNVERULEIKAÚTVARPI.

VILLT ÞÚ VERA MEÐ Í RAUNVERULEIKAÚTVARPI?

Morgunþátturinn Zúúber á FM 957 er vinsælasti sinnar tegundar á Íslandi. Þáttstjórnendurnir, Svali, Gassi, Sigga og Stína leita þessa dagana að fólki til að taka þátt í Raunveruleikaútvarpi. Eina sem þú þarf að gera til að taka þátt er að senda póst með fyrirsögninni „Reality“ á super@fm.is. Pósturinn þarf að innihalda upplýsingar um þig, fullt nafn, síma, starf og fl.

Langar þig til að taka þátt í „Reality Radio“ í Zúúber og ert orðinn 20 ára? Hikaðu þá ekki við að senda póst á super@fm.is.



ÞÁTTUR MEÐ MISTÖKUM OG ÓSÉÐU EFNI

FJÖGURRA ÞÁTTA SERÍU KALLANA ER LOKIÐ EN Á MÁNUDAG FÁ AÐDÁENDUR EINN AUKA KONFEKTMOLA.

Þátturinn Kallarnir á Sirkus hefur slegið í gegn. Félagarnir Gillzenegger og Party Hanz hafa fengið landsfræga Íslendinga í þáttinn sinn og breytt þeim úr skítugum treflum yfir í heltanaða strípkolla.

Fyrstu þáttaröðinni er lokið en á mánudaginn verður sýndur þáttur með mistökum og efni sem þeir félagar hafa ekki notað. „Þetta verður mikil snilld. Og ég lofa aðdændum Geirs Ólafs að hann verður með ákaflega skemmtilegt innslag inn í þennan þátt, vægast sagt.“

Við erum rosalega ánægðir með viðtökurnar og hreinlega trúum ekki þeim meðbyr sem er í gangi. Við sömdum um fjóra þætti sem er ágætt. Við erum báðir með krefjandi verkefni yfir daginn og hreinlega treystum okkur ekki þegar samið var að gera fleiri en fjóra þætti – því við vildum gera þetta almennilega,“ segir Party Hanz.



MEISTARARNIR GILLZ OG PARTY HANZ MEÐ VILLA WRX Á MILLI SÍN. VONANDI AÐ VIÐ FÁUM AÐ SJÁ EITTHVAÐ ÞEIM GÓÐA DRENG.

SKEMMTISTAÐIR FÖSTUDAGUR 24. FEBRÚAR



GAUKURINN

Hljómsveitin Sign heldur tvönnu tónleika á Gauki á Stöng í dag. Fyrri tónleikarnir verða klukkan 17.00 og er fyrir alla aldurshópa. Seinni tónleikarnir eru fyrir 18 ára og eldri. Þarna er um að ræða rokk eins og það gerist best.

OLIVER

Það verður fjór hjá fallega fólkinu í kvöld. Það verður enginn annar en DJ Daði frá Köben sem sér um stuðið en honum til halds og trausts verður JBK sem kann að trylla lýðinn með léttum leik. Og er snöggrur að því.



VICTOR

Ef það er einhver sem kann að halda partíinu gangandi á skemmtistað þá er það sjálfur Þróstur 3000. Hann veit allavega hvað kúnnarnir á Victor vilja og er alltaf fyrsti maðurinn til að telja í að Idolinu loknu og spila fram á rauða. Þannig er það.



DILLON

Mikil tónleikasýrpa er í gangi þessa dagana á Dillon og verður teflt fram allt að 20 böndum. Þar á meðal Jan Mayen, Hoffman, Jeff Who, Dikta, Nilfisk, Dimma, Wepons og fleiri.

BAR 11

Eitt sinn Mausari ávallt Mausari segir máltækið og á það vel við Palla sem er sannkallaður Mausari. Hann verður að spila á Ellefunni í kvöld en hann hefur gert það við góðan orðstír undanfarna mánuði. Það verður ekkert til sparað í studinu í kvöld.

PRIKIÐ

Síðasta forsíðuandlit Málsins, De La Rosa, fær að spila á Prikinu um helgina. Hún er þekkt fyrir rokna stuð og aldrei neinn ósveittur á dansgólfinu sem hún sér um. Snilld.

SÓLON

Brynjar Már sló í gegn um síðustu helgi í undankeppni Eurovision þar sem hann þusti inn á sviðið og tók rímuna: „Eitt er víst að mér finnst ég þurfa að láta ykkur vita, þetta gula þarna uppi er að drepa mig úr hita.“ Hver veit nema hann taki rímu á efra dansgólfinu um helgina.

VEGAMÓT

DJ Kári er kátur kall sem kann að þeyta skífum og það munu gestir Vegamóta sjá um helgina þegar hann mætir á svæðið. Þetta verður ekta fjór eins og Kára einum er lagið. Stuð allan hringinn.



PRAVDA

Háskóla kvöldin á Pravda hafa aldrei verið vinsælli. Nú er það Idolið í beinni á efri hæð og Hreimur með gítarinn á neðri hæð. Plötusnúðarnir taka svo við og spila fram á morgun. Þetta er eitthvað sem ekki nokkur maður ætti að láta framhjá sér fara. Það er bara ekkert flóknara.

NASA

Hr. Örlygur kynnir Timo Maas á Nasa í kvöld. Þessi kostulegi plötusnúður kemur með fjörið víðsvegar að úr Evrópu og tryllir lýðinn eins og hann hafi aldrei gert annað.

LAUGARDAGUR 25. FEBRÚAR

OLIVER

DJ JBK er orðinn húsum hæfur á Oliver og veit vel hvernig hann á að halda fjörinu gangandi. Það verður ekkert lát á því þennan fagra laugardag.

VICTOR

DJ Stef (Gunni Afró). Eini gæinn sem er með hár af einhverju viti á Victor, ef það hjálpar eitthvað til við spilamennskuna. Allavega er hann fallegasti snúðurinn sem sést hefur sunnan heiða, brjálað game sem endar mjög seint um morgunin.



BAR 11

DJ Gulli í Ósoma er orðinn heimalningur á Bar 11 og sýgur pela gestanna af mikilli áfergu. Þannig togar hann allt það stuð sem býr í fólki upp úr því og enginn verður svikinn um gott fjór.

SÓLON

Það verður sannkölluð danssamloka í gangi á Sólun um helgina. Undir álegginnu verður það Andri Freyr sem spilar almennilegan takt. Sósan og kálið verður svo Brynjar Már sem er loksins að ná sér á strik eftir Eurovision.

VEGAMÓT

Gullfoss og Geysir verða að spila á Vegamótum á laugardagskvöldið. Hver veit nema Geysir gjósi eða Gullfoss verði vatnsmikill með afbrigðum. Þá er eins gott að engir ferðamenn detti ofan í hann.



PRIKIÐ

Þeir Franz&Kristó spila frá 21 – 00 en síðan tekur Kári við. Eftir góða gítarroks upphitun ætti skarinn að vera klár í almennilega danstóna.

GAUKURINN

Hipp hopp bandið Pharcyde gerir allt vitlaust á neðri hæðinni og svo verður það DJ Frigore sem kyndir upp efri hæðina með glæsibrag. Þetta er eitthvað sem ekki nokkur maður ætti að láta framhjá sér fara, aldrei nokkurn tímann.

NASA

Ertu með Sílfkon segðu mér satt? Það er erfitt að svara þessari spurningu Skítamóralsmanna en óhætt er að lofa því að þeir munu spyrja sömu spurningar í kvöld á Nasa. Það er nokkuð ljóst.

VIKAN



PRIKIÐ

Ekki benda á mig, segir Mýrdalinn. Þið munið öll hann Mýrdal sem eitt sinn var með sjónvarpsþáttinn sívinsæla Spritz TV á Popptívi í gamla daga. Hann mun spila á Prikinu á sunnudaginn. Þá mun án efa lagið Take it easy fá að hljóma hátt og skýrt. DJ Kári koverar svo þriðjudaginn.

LANDSBYGGÐIN

SJALLINN

Árshátið Verkmenntaskólans á Akureyri og 16 ára ball með Todmobile á laugardagskvöld. Þetta stærsta band Íslandssögunnar verður að spila bæði kvöldin í Sjallanum og seinna kvöldið verður ballið bara fyrir fullorðna fólkið. Hver veit nema Þorvaldur Bjarni laumi inn einum og einum brandara milli laga.

YELLO

Atli skemmtanalögga mun tækla föstudagskvöldið á stað sínum Yello. Hann mun ekki heldur sitja auðum höndum annað kvöld en fær þá aðstoð frá DJ Gunna sem er að gera góða hluti í bransanum þessa dagana.

Sódoma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

LISTASÝNINGAR

AURUM

Palli eða örðu nafni Þorgeir Frímánn Óðinsson, fjöllistamaður er núna í dag að hætta með sýninguna sína. Palli sýnir verk úr myndaröðinni Vigdís. Við tekur Ester Ýr Steinarsdóttir. Ester er með ljósmyndasýningu sem opnar á morgun, laugardaginn 18 febrúar. Áhugaverð og skemmtileg sýning sem vert er að sjá.

ARTÓTEK GRÓFARHÚSI

Sýning á verkum Valgerðar Hauksdóttur myndlistarmanns hefur verið opnuð á 1. hæð Grófarhúss, Tryggvagötu 15. Sýningin er sjöunda í röð sýninga á verkum listamanna sem eiga listaverk í Artóteki – listhlöðu Borgarbókasafnsins. Þessi sýning er til 19. febrúar og því eru síðustu forvöð að fara á hana.

DUUS HÚS


Sýning Poppminjasafnsins þar sem sagt er frá tímabilinu 1969 til 1979 í máli og myndum. Rifjuð upp tískan og tíðarandinn, opið til 13-18.30 til 1. apríl.

BANANAS

Hér er á ferðinni sýning eftir Finn Arnar Arnarson og þessi sýning stendur til 18. febrúar, þannig að drifið ykkur áður en það verður um seinan.

101

Ásmundur Ásmundsson, sýningin verður til 25. febrúar



LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Sýning Friðriks Arnar Ljósmyndara, 10.000, verður opnuð í Ljósmyndasafni Reykjavíkur þann 18. febrúar 2006. Titill sýningarinnar vísar til þess að 27 ár, eða um tíu þúsund dagar, eru liðnir frá því að Friðrik Örn eignaðist sína fyrstu myndavél þá átta ára að aldri. Myndirnar á sýningunni spanna allt þetta tímabil fram til dagsins í dag. Sýningin einkennist af mikilli fjölbreytni þar sem ýmsum aðferðum og stílbrigðum er beitt. Að þessu leyti minnir hún um margt á risavaxna úrklippubók þar sem uppsetningin er fjarri því að vera með hefðbundnu sniði. Polaroid-myndir, myndbandsverk, úrklippur, dagbækur, ljósmyndaveggfóður og stórar útprentanir verða meðal annars sýndar auk myndavéla úr fótum Ljósmyndarans.

CAFÉ KARÓLÍNA

Aðalsteinn Svanur Pétursson sýnir bleksprautuprentanir sem margir vildu geta státað sig af.

GALLERÍ SÆVAR KARLS

Hér á bæ á sér stað skemmtileg sýning Jónasar Viðars Sveinssonar, Jónas sýnir málverk sín þar til 23. febrúar.

Ólafur Gíslason opnaði sýningu í i8 á fimmtudaginn s.l. sem mun nú standa yfir í nokkrar vikur. Áhugaverð sýning hjá Ólafi sem vert er að skoða.

KAFFI MÍLANÓ

Erla Magna Alexandersdóttir sýnir olíu- og akrílmýndir út febrúar.

HALLGRÍMSKIRKJA

Þær Kristín Gunnlaugsdóttir og Margrét Jónsdóttir verða með sýningu í kirkjunni háu til loka febrúar.



HRAFNI STA HAFNARFIRÐI

Sjö málarar frá Félagsmiðstöðinni Gerðubergi sýna í Menningarsal til 21. mars.

NORRÆNA HÚSIÐ

Norræna Húsið klikkar aldrei hvort sem er til að fá sér smá í gogginn, glugga í blöð eða eins og við leggjum til að þið gerið skellið ykkur á myndlistarsýningu. Núna stendur yfir mjög áhugaverð sýning þriggja finnskra listamanna. Listamennirnir sýna verk sín til 5. febrúar. Endilega kíkið við eða skoðið slóðina; www.safn.is.

KARÓLÍNA RESTURANT

Enginn annar en Óli G. verður með sýningu til lok aprílmánaðar. Sýningin kallast Tynða fiðrildið.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR, KJARVALSSTAÐIR

120 ár frá fæðingu málarans Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals. Sýningin mun standa til 19. mars.

TÍSTUDÝR Á MOKKA

Á Mokka stendur núna yfir sýning á verkum Lindar Völundardóttur sem búsett er í Hollandi. Sýningin samanstendur af ellefu ljósmyndum af tístudýrasafni Lindar. Sýningin stendur til 24. febrúar.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Huldakonur í íslenski myndlist í Bogasal, sýningin verður til 28. maí. Ljósmyndir Marcos Paoluzzo og ljósmyndir Péturs Thomsen í Myndasafni, en sú sýning verður til 20. febrúar.

ENERGIA

Hér er sýning Erlu M. Alexandersdóttur sem sýnir akríl- og olíumálverk. Sýningin mun standa út febrúar.

THORVALDSEN

Bjarni Helgason sem er grafískur hönnuður hefur opnað sýningu sem ber nafnið -Ostranenie-sjónræna tónræna-sýningin er til 3. mars.

BAKSALURINN Í GALLERÍ FOLD

Laugardaginn 4. febrúar opnaði Hulda Vilhjálmsdóttir málverkasýningu í Baksalunum í Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Sýningin heitir Náttúrusköp – the nature shape in creation. Opið er í Gallerí Fold daglega frá kl. 10.00 til 18.00, laugardaga frá kl. 11.00 til 16.00 og sunnudaga frá kl. 14.00 til 16.00 meðan á sýningunni stendur.

LISTASAFN KÓPAVOGS

Á efri hæðinni er það Kristín Þorkelsdóttir sem fer af stað með sýningu sem hún nefnir Tvo heima. Sýnishorn af grafískri hönnun Kristínar, allt frá upphafi ferils hennar á síðari hluta sjötta áratugarins, verða í vestursal safnsins. Á neðri hæð safnsins er sýning sem ber heitið Þræðir. Á henni eru um 20 kjólar og yfirhafnir sem Guðrún Vigfúsdóttir hannaði og óf á meðan hún rak vefstofu á Ísafirði. Vefstofuna stofnaði Guðrún árið 1965 og rak í 20 ár.

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Myndheimur Jónu Þorvaldsdóttur af draumkenndum blæ, sveipaður dulúð og mykt sem hefur seiðandi áhrif á áhorfandann er til sýnis í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Jóna hefur farið víða um heiminn og tekið myndir á hinum ýmsu stöðum. Flott sýning sem enginn ætti að láta framhjá sér fara. Sýningin er til 26. febrúar.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR, HAFNARHÚS

Myndir eftir Erró eru til sýnis og mun sýningin vera til 23. apríl.

NÝLISTASAFNIÐ

Curver sem breytti nafninu sínu með pomp og pragt á miðvikudaginn var, er með yfirlitsýningu á verkum sínum. Endilega kíkið þangað og njótið vel.

SKÚLATÚN 4

Hér er sýning og samsuða margra listamanna. Þessir listamenn eru úr hinum ýmsu áttum og gæti verið áhugavert að líta þar við.

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA

FOD AND FUN OG VETRARRHÁTÍÐIN

„Ég ætla að fara á Food and Fun og taka þátt í Vetrarrhátíðinni, dagskráin er þétt um helgina,“ segir Snæfríður Ingadóttir blaðakona. „Það er svo gaman að sjá að Vetrarrhátíðin er að verða jafn stór og Menningarnótt. Það er úr nógu að velja, ef þú ætlar að ná öllum þessum atriðum þá er það sko bara fullt prógram. Ég sá að bæklingurinn var orðin jafn þykkur og hjá Menningarnótt, þannig að ég verð ekki í vandræðum. Síðan held ég að ég verði á sunnudaginn að vinna í húsinu mínu, ég er að gera upp 100 ára gamalt hús,“ segir Snæfríður sem er ánægð með dagskrá helgarinnar.



KVEÐJUPARTÝ OG LÆRDÓMUR

„Um helgina ætla ég að gera margt, á laugardaginn fer ég í kveðjupartý,“ segir Helga Björnsdóttir dansari og nemi. „Við vinkonurnar erum að fara að halda kveðjupartý fyrir vinkonu okkar sem er að fara til Frakklands. Þannig að við gerum eitthvað skemmtilegt, það verður gaman. Föstudagurinn er óákveðinn en ætli ég læri ekki smávegis. En annars var ég ekki búin að ákveða neitt, þetta verður frekar róleg helgi hjá mér nema á fimmtudaginn ætla ég að kíkja á kaffihús með vinum mínum,“ segir Helga spennt fyrir helginni.



IDOLIÐ OG AFSLÖPPUN

„Ó mæ god, ég veit það ekki alveg,“ segir Svavar Örn, tískulögga og þáttastjórnandi. „Ég ætlaði út úr bænum eða til útlanda en svo ákvað ég aldrei þessu vant að gera ekki neitt. Fyrir mig að eiga helgi og gera ekki neitt það þýðir bara það að ég er að fara að hafa það geðveikt, vil ekki einu sinni gesti. Þetta verður bara afslöppun, en núna er ég að drekka í mig Food and Fun. Ég er að fara á Primavera og er að fíla þessa hátíð í botn. Svo hef ég heyrt að Apóteki sé æði, þetta er sko byrjunardagurinn. Helgin er ekki byrjuð en svo er náttúrulega Idolið í kvöld en laugardagurinn og sunnudagurinn eru bara kósí. Nú átt þú að segja við mig til hamingju með afmælið, ég er byrjaður á því snemma,“ segir Svavar Örn sem átti afmæli þegar þetta var ritað á miðvikudaginn.



LEIKHÚS

FÖSTUDAGUR 24. FEBRÚAR

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksyningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum.

NAGLINN

Nýtt verki eftir Jón Gnarr. Þetta er harmleikur um karlmennskuna, saga manns sem finnst allt hafa farið til einskis þrátt fyrir allan sinn vilja til að standa sig. Gunnar Sigurðsson og Jón Stefán Kristjánsson sjá um leikinn. Jón kann að skemmta landanum með hnitnum og beinskeittum húmor á kaldhæðin hátt. Sýningin hefst klukkan átta í kvöld á litla sviði Borgarleikhúsins.

ÖSKUBUSKA

Skemmtileg fjölskylduskemmtun, þar sem allir labba út með bros á vör. Nokkur sæti laus.

TÚSKILDINGSÓPERAN

Hver er munurinn á að ræna banka og að taka yfir banka? Þessari spurningu er varpað fram í þessu leikriti sem er sýnt á Stóra Sviðinu í Þjóðleikhúsinu. Frá Bertolt Brecht og Kurt Weill kemur þetta brilljant leikrit sem sló í gegn þegar það kom út í Berlín. Leikritið fjallar um um skrautlegan lýð, broddborgara og bófa.

TYPPATAL

Auðun Blöndal hefur farið á kostum í einleiknum Typpatal og hefur sýningin algjörlega slegið í gegn. Einleikurinn er um lillemann almennt. Sigurður Sigurjónsson leikstýrir og verkið þýðði Jón Atli Jónasson. Höfundurinn Richard Herring, byggir verkið á könnun sem hann gerði á netinu þar sem ýmsum spurningum um höfuðdjásn karlmansins er svarað. Sýningin hefst klukkan hálfniú á Nasa en húsið opnar klukkan átta.



BELGÍSKA KONGÓ

Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamallri konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún er ekki búin að tala við í sjö ár. Leikritið er sýnt á litla Sviði Borgarleikhúsins klukkan átta.

TALAÐU VIÐ MIG

Nýtt og spennandi leikrit sem kemur áhorfandanum vel á óvart. Forsýning á þessari sýningu var í gær en frumsýningin er í kvöld.

LAUGARDAGUR 25. FEBRÚAR

CARMEN

Söngleikurinn Carmen er samstarfsverkefni Leikfélags Reykjavíkur og Íslenska dansflokksins, þar sem óperunni eftir Bizet er snúð í söngleik um ástir, afbrýði og hrikaleg örlög, sem ekki verða umflúin. Ásgerður Jónúsdóttir leikur Carmen. Sveinn Geirsson leikur Don José og Erlendur Eiríksson Escamillo. Sýningin hefst klukkan átta.

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksyningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum. Sýningin er klukkan fjögur í dag og einnig er sýning klukkan átta.



NAGLINN

Nýtt verki eftir Jón Gnarr. Þetta er harmleikur um karlmennskuna, saga manns sem finnst allt hafa farið til einskis þrátt fyrir allan sinn vilja til að standa sig. Gunnar Sigurðsson og Jón Stefán Kristjánsson sjá um leikinn. Jón kann að skemmta landanum með hnitnum og beinskeittum húmor á kaldhæðin hátt. Sýningin hefst klukkan átta íkvöld á litla sviði í Borgarleikhúsins.

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Ronja Ræningjadóttir eftir Astrid Lindgren í leikstjórn Sigrúnar Eddu Björnsdóttur. Þetta klassíska og ávallt hressandi verk er sýnt í Borgarleikhúsinu. Söguna kannast flestir við og þeir sem ekki gera það munu ekki sjá eftir því að leyfa sögunni og persónunum að flytja sig á braut ævintýrana.

ÉG ER MÍN EIGIN KONA

Þetta verk er eitthvað sem enginn má láta fram hjá sér fara. Um er að ræða einleik þar sem Hilmir Snær Guðnason kemur áhorfendum sínum á óvart hvað varðar leik og tilburði. Um að gera að drifa sig að kaupa miða þar sem það eru örfá sæti laus.

HIMNARÍKI

1995-1996 og var sýningum hætt fyrir fullu húsi. Geðklofin gamanleikur sem enginn á að missa af.

SUNNUDAGUR 26. FEBRÚAR



RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Ronja Ræningjadóttir eftir Astrid Lindgren í leikstjórn Sigrúnar Eddu Björnsdóttur. Þetta klassíska og ávallt hressandi verk er sýnt í Borgarleikhúsinu. Söguna kannast flestir við og þeir sem ekki gera það munu ekki sjá eftir því að leyfa sögunni og persónunum að flytja sig á braut ævintýrana.

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksyningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Barnaleikrit sem hentar öllum aldursflokkum. Farið er í ævintýraheim H.C.Andersen. Handritið er byggt á nokkrum vel völdum ævintýrum frá hinum danska höfund. Þjörgvin Franz Gíslason stelar senunni í þessu annars mjög flotta verki. Sýningin var fyrst sett á koppinn fyrra vetur og gengur enn vegna vinsælda. Sýningin hefst klukkan tvö og er hún sýnd á stóra sviði Þjóðleikhúsins.

MIND CAMP

Það eru þeir Egill Heiðar Anton Pálsson, Jón Atli Jónasson og Jón Páll Eyjólfsson sem leiða saman hesta sína við smíði verksins Mind Camp sem sýnd er í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Leikendurnir eða væri nær að segja flytjendur hafa lagt sitt í púkkið. Flytjendur leggja sitt af mörkum við að brjóta leikformið undan yfirráðum persónusköpunnar. Einkar áhuga-verð sýning.

SUNNUDAGSKVÖLD MED SVÖVU

Hægt er að fræðast um ævistarf Svövu Jakobsdóttur á Smíðaverkstæðinu í kvöld. Í tengslum við sýninguna Eldhús eftir máli er boðið upp á fyrirlestur, kvöldverð, leiksyninguna og umræður á eftir.

HUNGUR

Hungur er nýtt, íslenskt verk eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann og er um lífsbaráttu fjögurra einstaklinga í heimi þar sem útlitskröfurnar eru svo óraunhæfar að internetið er eini staðurinn þar sem hægt er að uppfylla þær. Hungur er þriller um stjórnum, kynlíf, sjálfsaga, ást, fíkn, ímynd, fegurð og leit að fullkomnum.

ÞRIÐJUDAGUR 28. FEBRÚAR

WOYZECK

Stórkostleg sýning sem lyftir manni upp og kemur á óvart. Stórkostlegur leikur og frábær sýning.

HVAÐ EF

Þetta leikrit er sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu og er eftir Valgeir Skagfjörð og Einar Már Guðmundsson.

MIÐVIKUDAGUR 1.MARS

PÖRUPILTAR

Alltaf á Kringlukuránni á miðvikudagskvöldum klukkan 22:00. Uppistand, dans, söngur, glens og mikið grín.

GLÆPUR GEGN DISKÓINU

Glæpur gegn diskóinu er eftir Gary Owen og er frábær sýning sem hefur komið hvað mest á óvart í langan tíma. Gary Owen þykir eitt af áhugaverðustu og bestu leikskáldum Breta í dag. Steypibaðsfélagið Stútur er hér í samstarfi við Vesturport og Borgarleikhúsið og úr verður hin besta skemmtun.

MANNTAFL

Í samstarfi við leikhópinn Þbilju. Ævintýrleg hetjusaga manns, sem bjargaði lífi sínu í einangrunarfangelsi nasista með því að iðka skáklistina, íþrótt íþróttanna. Þannig hélt hann styrk sínum gegnum fantalegar yfirheyrslur Gestapómanna, en var, fyrir bragðið, næstum búinn að missa vitið. SNILLDARLEG SKÁKFLÉTTA

FIMMTUDAGUR 2. MARS

BELGÍSKA KONGÓ

Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamallri konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún er ekki búin að tala við í sjö ár. Leikritið er sýnt á litla Sviði Borgarleikhúsins klukkan átta.

GRUNNIRINN Á DRYKKJUMENNSKUNNI

BITTER DRYKKIR ERU DRYKKIRNIR MÍNIR

„Frekar boring svar en það er nú bara vatn, ég má ekki drekka mjólk eða appelsínusafa né annan safa, þannig að ég drekk vatn öllum stundum. En ef ég fer út að skemmta mér ætli það sé ekki þá GT, gin og tónik sem ég uppgötvaði fyrir svona 10 árum eða svo. Ég er yfirleitt fyrir svona gin og tónik, camparí og svona bitter drykki, þeir eru alveg málið. Ég meika ekki svona sæta drykki eins og brísara og eitthvað þannig. Það er ekki fyrir mig.“

Aðalheiður Halldórsdóttir
dansari

29

PartyZone + hrörlygur + BACARDI kynna


TIMO MAAS

THE FINAL XS HAVEN'T MET BEFORE
 RELEASE LIKE LOATH'S HOW WE BEEN
 FIRST DAY EN DANCING
 TO GET DOWN MUSIC FOR THE MAASES
 SHIFTER
 MASH UP
 ECLIPSE
 NASA
 BRIK
 CONNECTED
 HOUSE
 CHEVY
 BURN OUT
 WET PERCUSSIVE HARD LIFE
 FUNK BED
 DRIVEN
 help me
 TO GET DOWN
 LIKE STAMENSE
 aidung Herdplate
 pictures
 HERD PLATTE
 DEVIL FELLE
 THE BREAKZ
 TRANCE
 NASA
 TECHNO
 YEARS
 UNITE
 THE KID
 I WANT
 GRAVITY
 E N C E
 HAS H
 WET PERCUSSIVE HARD LIFE
 FUNK BED
 DRIVEN

HIGH DR → M → →

TIMO MAAS Á NASA FÖS. 24. FEB 2006

dj Grétar G • dj Casanova • efri hæð: dj Rikki & dj Ingvi
Miðaverð 1.500 kr í forsölu (auk 150 kr miðagjalds) / 1.900 við hurð • Húsið opnar 23.00
Miðasala fer fram í verslunum Skífunar og á Midi.is



BACARDI

SÖNGKEPPNI MENNTASKÓLANS Í KÓPAVOGI FÓR FRAM Í SALNUM Í KÓPAVOGI Í SÍÐUSTU VIKU. EFNILEGASTA KNATTSPYRNUKONA LANDSINS, GRETA MJÖLL SAMÚELSDÓTTIR, SIGRÆÐI Í KEPPNINNI MEÐ LAGI SEM SYSTIR HENNAR OG MÁGUR SÖMDU. SNÆDÍS HÖGNADÓTTIR VARÐ Í ÖÐRU SÆTI OG KATRÍN ELLA JÓNSDÓTTIR FYRIR-SÆTA VARÐ Í ÞRIÐJA SÆTI. SIRKUS RVK HEYRÐI Í BRONSVERÐLAUNAHAFANUM SEM VAR Í SKÝJUNUM MEÐ GÓÐAN ÁRANGUR EN ÁTTI ENGA VON Á ÞVI AÐ FARA Á PALL.

FÓTBOLTAKONA OG FYRIRSAETA SYNGJA BEST Í KÓPAVOGI

Söngkeppnir eru einn af hápunktunum í félagslífi fjölmargra menntaskóla. Í síðustu viku fór fram söngkeppni MK sem lyktaði með sigri Gretu Mjallar Samúelsdóttur sem kosin var efnilegasta knattspyrnukona landsins á síðasta ári. Hún söng lagið „Ó María“ sem systir hennar og mágur sömdu. Í öðru sæti var Snædís Högnadóttir sem söng lagið The Widow en í þriðja sæti var svo Katrín Ella Jónsdóttir fyrirsæta.

Katrín Ella var á lista Sirkuss fyrir áramótin sem ein af kynþokkafyllstu konum landsins en hingað til hefur hún verið þekktari sem fyrirsæta. Hún var að sjálfsögðu í skýjunum yfir því að hafa náð þriðja sætinu, sérstalega í ljósi þess að lagið sem hún flutti, Brazen með Skunk Anansie, er ekki allra færi.

„Mig langaði að taka eitthvert mjög sérstakt lag en ekki bara einhverja týpíska ballöðu eins og heyrir svo oft í slíkum keppnum. Áður en

keppnin fór fram hristu einhverjir hausinn og hugsuðu með sér að það væri ómögulegt að taka þetta lag en ég gerði það og það tókst bara ótrúlega vel að ég held.

Ég var fyrst og fremst að taka þátt til að prófa sjálfa mig. Hingað til hef ég ekki þorað að taka þátt en nú lét ég verða af því,“ segir Katrín Ella en keppnin fór fram í Salnum í Kópavogi (eins og það sé bara einn salur í Kópavogi!).

„Ég er alls ekki ósátt við að hafa ekki unnið. Ég er bara ánægð með að hafa tekið þátt. Aldrei að vita nema að maður endurtaki leikinn,“ segir Katrín Ella sem er 18 og ætlar sér í læknisfræði að útskrift lokinni.

HH

ÞAÐ Á AÐ GERA MYND UM ÆVI ÞÍNA



HVER MYNDI LEIKA ÞIG?

CHARLIZE THERON NÆÐI KARAKTERNUM

„Þetta er svo erfitt, vinkonurnar sögðu mér að segja Angelina Jolie af því þá gæti ég hitt Brad Pitt sem er jú mjög freistandi,“ segir leikkonan Ísgerður Elfa hlæjandi. „Fyndið hvað það er erfitt að svara einfaldri spurningu. En eftir miklar vangaveltur held ég að ég myndi velja Charlize Theron, hún er reyndar ekkert lík mér en mér finnst hún alltaf koma hlutverkunum sínum svo vel til skila. Hún er ekkert upptekin af því að vera bara sæt, þó hún geti augljóslega verið það og sama hvaða viðfangsefni hún er að fást við þá virðist hún alltaf ná tilfinningunni í þeim karakter sem hún er að túlka og gera það ótrúlega vel. Auðvitað færi það kannski líka eftir því hvaða hluta af ævi manns væri verið að fjalla um hvern maður myndi velja. En hún er mér ofarlega í huga af því ég var á North Country um daginn og fannst hún svo góð í henni,“ segir Ísgerður Elfa eftir ágætis umhugsun.

JÆJA LÚÐAR, NÚNA GETIÐ ÞIÐ LOKSINS ORÐIÐ TÖFF

Ég veit ekki hversu oft ég hef verið spurður að því hvenær Biblían komi út. Það gekk 9 ára strákur upp að mér um daginn og stamaði upp úr sér: „Kenar kemur Biblían út, Gilsnegger?“ Ég vissi ekki einu sinni að 9 ára strákur kynnu að tala, hvað þá lesa. Það góða við Biblíuna er það að hún getur hjálpað öllum. Það skiptir ekki máli þó þú lítir út eins og Johnny Depp, það er eitthvað þarna sem getur komið þér að góðum notum. En það má ekki gleyma því að Biblían er ekki bara hugsuð sem hjálpartæki, heldur er þetta náttúrulega ein skemmtilegasta og myndnasta bók sem hefur verið gefin út. Ég var að lesa hana aðeins yfir í gær og ég var búinn að gleyma hvað ég get verið fáránlega fyndinn.



hvað virkar ekki í gymminu. Ótrúlegt hvað Íslendingar hafa gert lélegar bækur um líkamsrækt.

Núna var næstsíðasti þátturinn af Köllunum síðasta mánudag. Síðasti þátturinn í fyrstu seríu verður næsta mánudag þar sem við munum sýna mistök og ónotaðar klippur úr öllum fjórnum þáttunum. Það verður án efa skemmtilegt.

En rosalega getið þið verið vanþakklát þarna úti!

Endalaust af mönnum sem hafa komið til mín og röflað yfir því þegar Geir Ólafsson var að losa í Halle Berry á húddinu. Skiljið þið ekki að hann var bara að reyna að KENNA YKKUR. Allir þeir sem hafa komið að mér og röflað yfir þessu eiga eitt sameiginlegt, þeir stunda kynferðismök reglulega. Þið skiljið ekki hvað Geir var að reyna að gera því að þið kunnið að tappa af á bilhúddum. En þó að þið kunnið það, þá er ekki þar með sagt að það kunni það allir! Hvað haldið þið að það séu margir hreinir sveinar þarna úti sem hafa verið að spá í því allt sitt líf hvernig á að gyðna niðrum sig og stunda mök á bílnum sínum. Ég get sagt ykkur það að það hafa svona tvö þúsund bólugrafnir strákar með derhúfu komið upp að mér og þakkað mér kærlega fyrir að hafa kynlífsfræðinginn hann Geir í þáttunum.

Síðan er eitt sem mér hefur alltaf fundist mögnuð uppfinning. Það er hlutur sem kallast fjarstýring. Ég skal segja ykkur hvernig hún virkar. Ef þú ert með leggöng, eins og t.d. Svarthöfði sem er með það lítinn pung að hann skrifar aldrei undir nafni, og þú getur ekki horft á Geir Ólafsson tappa af, þá SKIPTIRÐU

BARA UM STÖÐ. Þetta er ósköp einfalt, þú tekur bara upp fjarstýringuna, yfir á einhverja aðra stöð og BÄMM, þarft ekki lengur að horfa á hr. Ólafsson. Ef þetta særir blygðunarkennd ykkar svona rosalega horfið þá bara á Oprah Winfrey og haldið kjaftri.

Það sama gildir með útvarpið, ef það er eitthvað þar sem ykkur líkar ekki, snúið þá bara takkanum sem stendur á TUNING. Þetta er ekki flóknara en það, helvítis nöldurseggirnir ykkar!

Fyrir ykkur sem segið að útlitið skipti ekki máli þá er nóg fyrir ykkur að kíkja á vefsíðuna www.kallarnir.is og sjá þar fyrir og eftir breytinguna á honum Davíð Þór Jónssyni. Klikið síðan á kommentin sem eru komin yfir þessari breytingu hans Davíðs. Önnur hver kona heldur ekki vatni yfir því hversu mikill töffari hann Dazzi varð eftir að kallarnir tóku hann í gegn. Sláandi líkur Brad Pitt sagði einhver.

Þangað til næst, sææææælar!
Kv, Gillz



31

HVAR ER ÞITT EGO?



EGOKORT =
- 30%*
AF HVERJUM LÍTRA!

Sæktu um EGOkort á www.ego.is

*-3% jafngildir 3,20 kr. afslætti miðað við verðlag 22. febrúar 2006. Tilboðið gildir til 1. apríl næstkomandi.

BENSÍN DÍSEL

KVITTUN FYLGIR ÁVINNINGURI



Ódýrt eldsneyti + ávinningur!

www.ego.is